



74. ársþing

# SKÝRSLA NEFNDA 2019

### Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Stjórn og nefndir KSÍ.....	2
Skýrsla landsliðsnefndar karla.....	4
Skýrsla U21 landsliðsnefndar karla.....	5
Skýrsla unglínganefndar karla.....	7
Skýrsla landsliðsnefndar kvenna.....	9
Skýrsla unglínganefndar kvenna.....	11
Árangur landsliða Íslands á árinu 2018.....	13
Skýrsla mótanefndar.....	15
Skýrsla dómarnefndar.....	24
Skýrsla aga- og úrskurðarnefndar.....	34
Skýrsla háttvísinefndar.....	35
Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar.....	36
Skýrsla fræðslunefndar.....	40
Skýrsla útbreiðslunefndar.....	40
Úrtökumót KSÍ.....	47
Skýrsla hæfileikamótunar.....	51
Skýrsla mannvirkjanefndar.....	53
Heiðursviðurkenningar.....	54

## Stjórn og nefndir KSÍ

### Stjórn (ársþing)

Guðni Bergsson formaður  
Gísli Gíslason varaformaður  
Borghildur Sigurðardóttir varaformaður  
Ásgeir Ásgeirsson  
Haraldur Haraldsson  
Ingi Sigurðsson  
Magnús Gylfason  
Ragnhildur Skúladóttir  
Valgeir Sigurðsson  
Þorsteinn Gunnarsson

### Varastjórn (ársþing)

Þóroddur Hjaltalín  
Guðjón Bjarni Hálfðánarson  
Jóhann Torfason

### Landshlutafulltrúar (ársþing)

Bjarni Ólafur Birkisson Austurland  
Björn Friðþjófsson Norðurland  
Jakob Skúlason Vesturland  
Tómas Þóroddsson Suðurland

### Rekstrarstjórn Laugardalsvallar

Guðni Bergsson formaður  
Bryndís Einaradóttir  
Ingvar Sverrisson  
Klara Bjartmarz  
Ómar Einarsson

### Dómaranefnd

Þóroddur Hjaltalín formaður  
Bragi Bergmann  
Bryndís Sigurðardóttir  
Frosti Viðar Gunnarsson  
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson  
Ingi Sigurðsson  
Jón Sigurjónsson  
Viðar Helgason

### Fjárhags- og endurskoðunarnefnd

Borghildur Sigurðardóttir formaður  
Gísli Gíslason  
Ingi Sigurðsson  
Magnús Gylfason

### Fræðslu- og útbreiðslunefnd

Ragnhildur Skúladóttir formaður  
Guðni Kjartansson  
Gunnar Már Guðmundsson  
Sigurður Þórir Þorsteinsson  
Örn Ólafsson

### Laga- og leikreglanefnd

Gísli Gíslason formaður

Guðjón Bjarni Hálfðánarson  
Guðmundur H. Pétursson

### Landsliðsnefnd karla

Magnús Gylfason formaður  
Ásgeir Ásgeirsson  
Haraldur Haraldsson  
Magnús Gylfason

### Landsliðsnefnd kvenna (A og U21)

Borghildur Sigurðardóttir formaður  
Katla Guðjónsdóttir  
Margrét Ákadóttir  
Ragnhildur Skúladóttir  
Þorsteinn Gunnarsson

### Landsliðsnefnd U21 karla

Gísli Gíslason formaður  
Axel Guðmundsson  
Borghildur Sigurðardóttir  
Gunnar Oddsson  
Ólafur Páll Snorrason

### Unglinganefnd karla (U19 og U17)

Jóhann Torfason formaður  
Jónas Gestur Jónasson  
Marteinn Ægisson  
Pálmi Haraldsson  
Pétur Ólafsson  
Sigurður Örn Jónsson  
Tómas Þóroddsson

### Unglinganefnd kvenna (U19 og U17)

Ragnhildur Skúladóttir formaður  
Guðjón Bjarni Hálfðánarson  
Hafsteinn Steinsson  
Ingibjörg Jónsdóttir  
Jakob Skúlason  
Viggó Magnússon

### Mannvirkjanefnd

Ingi Sigurðsson formaður  
Bjarni Þór Hannesson  
Jón Runólfsson  
Kristján Ásgeirsson  
Margrét Leifsdóttir  
Þorbergur Karlsson  
Þorsteinn Gunnarsson

### Mótanefnd

Valgeir Sigurðsson formaður  
Ásgeir Ásgeirsson  
Björn Friðþjófsson  
Davíð Rúrik Ólafsson  
Sveinbjörn Másson

## Ársskýrslur nefnda KSÍ 2019

---

Vignir Már Þormóðsson  
Þórarinn Gunnarsson

### Samninga- og félagaskiptanefnd

Ásgeir Ásgeirsson formaður  
Gísli Hall  
Örn Gunnarsson  
Guðný Petrína Þórðardóttir (til vara)  
Ragnar Baldursson (til vara)  
Unnar Steinn Bjarndal (til vara)

### Heilbrigðisnefnd

Reynir Björn Björnsson formaður  
Ásta Árnadóttir  
Friðrik Ellert Jónsson  
Guðrún Sigurðardóttir  
Haukur Björnsson  
Stefán Stefánsson

### Starfshópur um eigið fé

Borghildur Sigurðardóttir formaður  
Björn Ingi Victorsson  
Gísli Gíslason  
Guðni Bergsson  
Jónas Gestur Jónasson

### Starfshópur um endurgreiðslu mannvirkjakostnaðar

Guðrún Inga Sívertsen formaður  
Björn Friðþjófsson  
Guðni Bergsson  
Ingi Sigurðsson  
Jónas Þórhallsson

### Starfshópur um ferðakostnað

Ingi Sigurðsson formaður  
Bjarni Ólafur Birkisson  
Gísli Gíslason  
Guðni Bergsson  
Ívar Ingimarsson  
Jóhann Torfason  
Vignir Már Þormóðsson  
Þorsteinn Gunnarsson

### Starfshópur um útbreiðslumál

Þorsteinn Gunnarsson formaður  
Bjarni Ólafur Birkisson  
Björn Friðþjófsson  
Jakob Skúlason  
Tómas Þóroddsson

Valgeir Sigurðsson

### Siðanefnd (ársþing) til 2019

Albert Eymundsson formaður  
Eiríkur Björgvinsson  
Kristrún Heimisdóttir  
Hanna S. Sigurðardóttir (til vara)  
Helgi Þorvaldsson (til vara)  
Rósa Júlía Steinþórsdóttir (til vara)

### Leyfisráð KSÍ (ársþing) til 2019

Heimir Örn Herbertsson formaður  
Feldís Lilja Óskarsdóttir  
Guðrún Inga Sívertsen  
Jón Gunnlaugsson  
Ragnar Gíslason

### Leyfisráð KSÍ (ársþing) til 2019

Lúðvík S. Georgsson formaður  
Eggert Steingrímsson  
Guðmundur H. Pétursson  
Stefán Bergsson  
Stefán Orri Ólafsson

### Aga- og úrskurðarnefnd (ársþing) til 2019

Gunnar Guðmundsson formaður  
Halldór Frímannsson varaformaður  
Sigurður Ingi Halldórsson varaformaður  
Björg Ásta Þórðardóttir  
Helgi R. Magnússon  
Sigrún Óttarsdóttir  
Sigurður Guðmundsson  
Þróstur Ríkharðsson

### Áfrýjunardómstóll KSÍ (ársþing)

Sigurður G. Guðjónsson forseti  
Jóhannes Albert Sævarsson  
Lúðvík Örn Steinarsson  
Brynjar Nielsón (til vara)  
Eva B. Helgadóttir (til vara)  
Hörður Felix Harðarson (til vara)  
Kolbeinn Árnason (til vara)  
Steinar Guðgeirsson (til vara)

### Kjörnefnd (ársþing)

Steinn Halldórsson formaður  
Jónas Gestur Jónasson  
Magnús Guðmundsson

### Kjörinn endurskoðandi (ársþing)

Birna María Sigurðardóttir

# Ársskýrslur nefnda KSÍ 2019

## Skýrsla landsliðsnefndar karla

Nefndina skipuðu Magnús Gylfason, formaður, Ásgeir Ásgeirsson, Haraldur Haraldsson og Ríkhartður Daðason. Starfsmenn nefndarinnar voru Gunnar Gylfason, Klara Bjartmarz og Víðir Reynisson.

Starfssvið nefndarinnar var sem fyrr umsjón með A landsliði karla. Þjálfari liðsins var Erik Hamren og honum til aðstoðar voru Freyr Alexandersson, Lars Eriksen og Tom Joel. Læknir liðsins var Haukur Björnsson, sjúkraþjálfarar þeir Friðrik Ellert Jónsson, Pétur Örn Gunnarsson, Rúnar Pálmarrsson og Stefán Hafþór Stefánsson. Búningastjóri var sem fyrr Sigurður Sveinn Þórðarson og þá starfaði Þorgrímur Þráinsson með liðinu í ýmsum hlutverkum.

Verkefni liðsins voru tveir æfingaleikir í Katar í byrjun janúar og undankeppni Evrópumótsins 2020.

Dags	Mót	Völlur	Heimalið	Gestalið	Úrslit
Fös. 11.01.2019	A karla - VL 2019	Khalifa International Stadium	Svíþjóð	Ísland	2-1
Þri. 15.01.2019	A karla - VL 2019	Jassim bin Hamad Stadium	Eistland	Ísland	0-0
Fös. 22.03.2019	A karla - EM 2020	Estadi Nacional	Andorra	Ísland	0-2
Mán. 25.03.2019	A karla - EM 2020	Stade de France	Frakkland	Ísland	4-0
Lau. 08.06.2019	A karla - EM 2020	Laugardalsvöllur	Ísland	Albanía	1-0
Þri. 11.06.2019	A karla - EM 2020	Laugardalsvöllur	Ísland	Tyrkland	2-1
Lau. 07.09.2019	A karla - EM 2020	Laugardalsvöllur	Ísland	Moldóva	3-0
Þri. 10.09.2019	A karla - EM 2020	Elbasan Arena	Albanía	Ísland	4-2
Fös. 11.10.2019	A karla - EM 2020	Laugardalsvöllur	Ísland	Frakkland	0-1
Mán. 14.10.2019	A karla - EM 2020	Laugardalsvöllur	Ísland	Andorra	2-0
Fim. 14.11.2019	A karla - EM 2020	Ali Sami Yen	Tyrkland	Ísland	0-0
Sun. 17.11.2019	A karla - EM 2020	Stadional Zimbru	Moldóva	Ísland	1-2

### Lokaorð

Verkefni ársins var undankeppni EM sem nú í fyrsta skipti var leikin öll á einu ári. Nítján stig úr leikjunum 10 er góður árangur þó svo að markmiðið um að enda í öðru af tveimur efstu sætunum hafi ekki náðst. Umspil um sæti á EM 2020 bíður liðsins í mars.

Ég vil þakka leikmönnum, þjálfurum, nefndarmönnum, starfsmönnum liðsins og starfsfólki á skrifstofu KSÍ kærlega fyrir samstarfið á árinu 2019.

Magnús Gylfason, formaður

### Skýrsla U21 landsliðsnefndar

Nefndina skipa Gísli Gíslason formaður, Borghildur Sigurðardóttir, Axel Guðmundsson, Gunnar Oddsson og Ólafur Páll Snorrason. Starfsmaður nefndarinnar var Guðlaugur Gunnarsson. Þjálfari liðsins er Arnar Þór Viðarsson, aðstoðarþjálfari Eiður Smári Guðjohnsen og Halldór Björnsson er markmannsþjálfari. Læknir liðsins er Davíð Egilsson, sjúkrálfari er Róbert Magnússon og búningastjórar eru Ágúst Valsson og Fannar Helgi Rúnarsson.

### Undankeppni EM 2021

Dregið var í byrjun desember 2018 í riðlakeppni 19/21. Ísland var í þriðja styrkleikaflokki og dróst í 6 liða riðil með Ítalíu, Svíþjóð, Írlandi, Armeníu og Lúxemborg. Leiknir eru 3 heimaleikir 2019 og tveir útileikir, síðan verða leiknir 3 útileikir og tveir heimaleikir 2020.

### Leikir ársins 2019

Liðið lék alls níu leiki á árinu, 5 leiki í riðlakeppni EM og 4 vináttuleiki. Einn af vináttuleikjunum var þó eingöngu leikinn af leikmönnum fæddum 1999 og síðar.

Ákveðið var að fara til Spánar og leika einn æfingaleik gegn Tékklandi á Pinatar æfingasvæðinu. Í miðjum undirbúningi fyrir Spánarferðina barst boð frá Katar um að leika vináttuleik í Katar, liðinu að kostnaðarlausu og var því boði tekið. Leikurinn gegn Tékklandi endaði 1-1 og var það Alex Þór Hauksson kom Íslandi yfir á 66. mínútu en Tékkar jöfnuðu á 72. mínútu. Í vináttuleiknum gegn Katar hafði Ísland mikla yfirburði og urðu úrslitin 0-3 fyrir Ísland. Mörk Íslands skoruðu Jónatan Ingi Jónsson á 39. mínútu, Sveinn Aron Guðjohnsen á 62. mínútu og Jón Dagur Þorsteinsson á 79. mínútu. Þá fékk Axel Andrésen rautt spjald á 83. mínútu eftir að hafa komið inn á sem varamaður á 78. mínútu.

Þriðji leikur ársins var einnig vináttuleikur, gegn Dönum í júní. Leikið var í Horsens í Danmörku. Mikið var reynt að fá lið til Íslands en vegna verðlags treysti ekkert landslið í þessum aldursflokki sér til þess að koma til landsins. Leikið var við mjög góðar aðstæður í Horsens. Ísland vann 1-2 sigur. Danir komust yfir á 15. mínútu en Stefán Teitur Þórðarson jafnaði með þrumufleyg af 25 metra færi á 20. mínútu og það var svo Erlingur Agnarsson sem skoraði sigurmarkið á 91. mínútu. Íslenska liðið var mun sterkara og kom sigurmarkið full seint í leiknum.

Ákveðið var á vordögum, m.a vegna þess hversu seint síðasti heimaleikurinn yrði og Laugardalsvöllur upptekinn, að leika alla heimaleiki U21 liðsins á gervigrasi. Ákveðið var einnig að leita til eins félags, Víkings, um að búa til „heimavöll fyrir liðið“ og leika þá 3 heimleiki sem fram færu á árinu á Víkingsvelli. Víkingur var tilbúinn til að hafa umsjón með framkvæmd leikjanna.

Fyrsti heimaleikurinn var gegn Lúxemborg 6. september. Ísland hafði talverða yfirburði í leiknum en Lúxemborg varðist vel og var markalaust í Hálfleik. Sveinn Aron Guðjohnsen skoraði úr víti á 48. mínútu og braut ísinn eftir að brotið hafði verið á Mikael Neville Anderson. Jón Dagur Þorsteinsson bætti við öðru marki með góðu skoti rétt fyrir utan teig. Það var síðan Willum Þór Willumsson sem skoraði þriðja og síðasta mark Íslands með skoti frá markteigshorni í markhornið fjær.

Næsti heimaleikur var gegn Armeníu 9. september. Armenar virkuðu sprækir í byrjun og voru íslensku strákarnir smá stund að finna taktinn. Það var síðan Willum Þór Willumsson sem skoraði fyrsta mark Íslands á 30. mínútu með skalla eftir fyrirgjöf, Ísak Óli Ólafsson bætti við öðru marki á 34. mínútu, einnig með skalla en nú eftir langt innkast. Það var síðan Jón Dagur Þorsteinsson sem skoraði síðasta mark fyrri hálfleiks eftir mikinn hamagang í teig Armena á 40. mínútu og staðan 3-0 í hálfleik fyrir Ísland. Armenar náðu að minnka muninn á 60. mínútu leiksins. Það var síðan Jónatan Ingi Jónsson sem bætti við fjórða markinu á 74. mínútu eftir frábært spil. Fimmta markið kom eftir hornspyrnu þegar Ari Leifsson skoraði með skalla á 76. mínútu. Sjötta og síðasta mark Íslands skoraði Brynjólfur Darri Willumsson eftir flott einstaklingsframtak. Frábær 6-1 sigur Íslands.

Þriðji mótsleikurinn var gegn Svíþjóð 12. október og var leikið á Olympia vellinum í Helsingborg. Íslenska liðið byrjaði leikinn ágætlega og fékk tvö fin færi til að komast yfir í leiknum. Svíþjóð náði að komast yfir á 22. mínútu eftir að boltinn datt fyrir fætur Svía þegar íslenskur varnarmaður fékk boltann í sig eftir hreinsun. Við það datt botninn úr leik íslenska liðsins og náðu Svíar að skora fjögur mörk til viðbótar á 38., 51., 60. og 75. mínútum leiksins. Markið á 51. mínútu taldist sjálfsmark þar sem boltinn breytti um stefnu eftir að skotið var í íslenskan varnarmann og 5-0 tap því staðreynd.

Næst var leikið gegn Írum á Víkingsvelli 15. október. Írar komu fullir sjálfstrausts eftir 5 taplausa leiki í riðlinum. Íslensku strákarnir voru hins vegar staðráðnir í að sýna að 5-0 tap á móti Svíum væri slys og þeir sýndu það í leiknum, sem þeir unnu verðskuldað. Hvorugt liðið fékk mikið að færum en færin sem Ísland fékk voru þó fleiri og betri. Leikurinn endaði 1-0 Íslandi í vil og það var Sveinn Aron Guðjohnsenssem skoraði úr víti á 29. mínútu eftir að leikmaður Írlands fékk skot Ara Leifssonar í höndina.

## Ársskýrslur nefnda KSÍ 2019

---

Fimmti og síðasti mótsleikur Íslands var gegn Ítalíu 16. nóvember. Leikið var í Ferrara á Paolo Mazza sem er heimavöllur SPAL á Ítalíu. Veðrið var ekki að leika við menn en það rigndi það mikið að ekki var hægt að æfa á vellinum fyrir leik. Stóri munurinn á liðunum í þessum leik var að Ítalir nýttu færi sín í leiknum og lönduðu 3-0 sigri. Íslensku strákarnir fóru illa að ráði sínu fyrir framan mark Ítala og með ólíkindum að þeir skyldu ekki ná að skora nokkur mörk hjá Ítölum. Mörk Ítalíu komu á 32., 84. og 91. mínútu. Undir lok leiks var farið að hitna aðeins í kolunum og fékk aðstoðarþjálfari Íslands rautt spjald og fékk í kjölfarið 2 leikja bann.

Daginn eftir Ítalíuleikinn var haldið til Englands, en England bauð Íslandi í vináttulandsleik 19. nóvember. Leikmenn fæddir 1999 og síðar voru gjaldgengir. Leikið var á heimavelli Wycombe Wanderers í úthverfi London. Svipað var uppi á teningnum og gegn Ítalíu en þó voru Englendingar heldur sterkari í leiknum og unnu sanngjarnan sigur 3-0, sem var þó fullstór miðað við að íslensku strákarnir fengu fín færi í leiknum. Mörk Englendinga komu á 50., 71. og 73. mínútum leiksins.

### Leikmenn

Alls tók 31 leikmaður þátt í leikjum ársins. Þar af tóku 20 leikmenn þátt í mótsleikjunum fimm á árinu. Patrik Sigurður Gunnarsson, Alfons Sampsted, Stefán Teitur Þórðarson, Jón Dagur Þorsteinsson, Sveinn Aron Guðjohnsen, Willum Þór Willumsson, Kolbeinn Birgir Finnsson og Ari Leifsson náðu að vera í byrjunarliði alla mótsleiki ársins. Fyrirliði í leikjunum öllum var Jón Dagur Þorsteinsson.

### Lokaorð

Sem fyrr er U21 árs landslið Íslands mikilvægur vettvangur leikmanna sem margir hverjir skila sér í A-landsliðið. Keðja yngri landsliða þarf að vera sterk til að viðhalda þróun og þroska yngri leikmanna og þegar leikmenn spila fyrir U21 eru væntingar um að þeir verði sterkar stoðir til framtíðar. Umgjörð yngri landsliða hefur á síðustu árum verið þróuð og bætt og það sama á við um umgjörð U21 árs landsliðsins. Þar eru öflugir leikmenn sem væntingar eru um að skili öflugum framlagi til íslenskrar knattspyrnu á komandi árum.

*Gísli Gíslason, formaður*

# Ársskýrslur nefnda KSÍ 2019

## Skýrsla unglínganefndar karla

Nefndina skipuðu Jóhann Torfason, formaður, Daði Guðmundsson, Jónas Gestur Jónasson, Marteinn Ægisson, Pálmi Haraldsson, Pétur Ólafsson, Sigurður Örn Jónsson og Tómas Þóroddsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Gunnar Gylfason og Víðir Reynisson.

Starfssvið nefndarinnar var sem fyrr umsjón með drengja- og unglíngalandsliðum Íslands. Davíð Snorri Jónasson var þjálfari U17 og Þorvaldur Örylgsson þjálfari U19 landsliðsins voru þeir svo hvor öðrum til aðstoðar. Lúðvík Gunnarsson var þjálfari U15 landsliða.

### U16/U17 landslið karla - Leikmenn fæddir 2003 og síðar

Dagskrá þessa liðs var með hefðbundnu sniði, undirbúningsmót UEFA í apríl, Norðurlandamót í ágúst og undankeppni Evrópumótsins í september. Norðurlandamótið var með nýju keppnisfyrirkomulagi og færri leikjum, nokkuð sem við vorum óánægðir með. Þá voru það vonbrigði að komast ekki áfram í milliriðil eftir undankeppni haustsins.

Mið. 03.04.2019	U16 landslið karla - UEFA mót	Krótía	Ísland	4-3
Fös. 05.04.2019	U16 landslið karla - UEFA mót	Ísland	Bólívía	3-0
Sun. 07.04.2019	U16 landslið karla - UEFA mót	Austurríki	Ísland	4-1
Sun. 04.08.2019	U16 karla - NM 2019	Mexíkó	Ísland	1-1
Mið. 07.08.2019	U16 karla - NM 2019	Ísland	Finnland	1-5
Lau. 10.08.2019	U16 karla - NM 2019	Ísland	Færeyjar	6-0
Þri. 22.10.2019	U17 karla - Undank. EM 2020	Ísland	Krótía	2-3
Fös. 25.10.2019	U17 karla - Undank. EM 2020	Skotland	Ísland	2-1
Mán. 28.10.2019	U17 karla - Undank. EM 2020	Armenía	Ísland	1-0

### U17/U18 landslið karla - Leikmenn fæddir 2002 og síðar

Þetta lið komst alla leið í úrslitakeppni Evrópumótsins en það var í fyrsta skipti í sjö ár sem yngra landslið karla kemst í úrslitakeppni. Til undirbúnings var tekið þátt í mót í Hvíta-Rússlandi í janúar og svo lék liðið tvo æfingaleiki gegn Lettum í júlí, þá sem U18 lið.

Sun. 20.01.2019	U17 karla - Hvíta Rússland	Ísland	Georgía	0-3
Þri. 22.01.2019	U17 karla - Hvíta Rússland	Ísland	Moldóva	1-0
Fim. 24.01.2019	U17 karla - Hvíta Rússland	Ísrael	Ísland	1-1
Lau. 26.01.2019	U17 karla - Hvíta Rússland	Belgía	Ísland	2-4
Mán. 28.01.2019	U17 karla - Hvíta Rússland	Tadsíkistan	Ísland	1-2
Mið. 20.03.2019	U17 karla - Milliriðill EM 2019	Ísland	Slóvenía	2-1
Lau. 23.03.2019	U17 karla - Milliriðill EM 2019	Þýskaland	Ísland	3-3
Þri. 26.03.2019	U17 karla - Milliriðill EM 2019	Hvíta-Rússland	Ísland	1-4
Lau. 04.05.2019	U17 karla - EM 2019 úrslit	Ísland	Rússland	3-2
Þri. 07.05.2019	U17 karla - EM 2019 úrslit	Ísland	Ungverjaland	1-2
Fös. 10.05.2019	U17 karla - EM 2019 úrslit	Portúgal	Ísland	4-2
Fös. 19.07.2019	U18 karla - VL 2019	Lettland	Ísland	1-2
Sun. 21.07.2019	U18 karla - VL 2019	Lettland	Ísland	0-2



## Ársskýrslur nefnda KSÍ 2019

### U19 landslið karla - Leikmenn fæddir 2001 og síðar

Verkefni þessa aldursflokks voru með hefðbundnu sniði, þ.e.a.s. tveir vináttuleikir að hausti og undankeppni Evrópumótsins. Æfingabúðir í byrjun september með leikmönnum erlendis og héraendis var nýbreytni sem heppnaðist ágætlega. Liðið komst upp úr undankeppninni og var það í fyrsta skipti síðan 2013 sem U19 landslið kemst í milliriðla.

Mið. 09.10.2019	U19 karla - VL 2019	Finnland	Ísland	0-1
Fös. 11.10.2019	U19 karla - VL 2019	Svíþjóð	Ísland	1-1
Mið. 13.11.2019	U19 karla - Undank. EM 2020	Ísland	Belgía	0-3
Lau. 16.11.2019	U19 karla - Undank. EM 2020	Grikkland	Ísland	2-5
Þri. 19.11.2019	U19 karla - Undank. EM 2020	Albanía	Ísland	2-4

### U15 landslið karla – leikmenn fæddir 2005 og síðar

Þetta lið tók þátt í nýju undirbúningsmóti á vegum UEFA og er það fagnaðarefni að mótum á vegum UEFA fyrir yngri landsliðin fari fjölgandi.

Mán. 21.10.2019	U15 karla - UEFA mót 2019	Bandaríkin	Ísland	2-1
Mið. 23.10.2019	U15 karla - UEFA mót 2019	Rússland	Ísland	3-0
Fös. 25.10.2019	U15 karla - UEFA mót 2019	Pólland	Ísland	4-0

### Lokaorð

Árangur yngri landsliða karla á árinu var almennt góður, þátttaka í úrslitakeppni EM U17 landsliða stendur þar upp úr en einnig góður árangur U19 landsliðsins í undankeppninni í haust. Framundan eru aukin verkefni fyrir yngri landsliðin í keppnum á vegum UEFA, sem er fagnaðarefni því við þurfum fleiri leiki og verkefni fyrir okkar yngri landslið til að vera samkeppnishæf við aðrar þjóðir sem spila nú mun fleiri leiki en við.

Ég vil þakka nefndarmönnum, þjálfurum, öðrum starfsmönnum landsliðanna, leikmönnum og starfsfólki á skrifstofu KSÍ fyrir samstarfið á árinu.

*Jóhann Torfason, formaður*

Landsliðsnefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2019: Borghildur Sigurðardóttir formaður, Katla Guðjónsdóttir, Margrét Ákadóttir, Ragnhildur Skúladóttir og Þorsteinn Gunnarsson. Starfsmaður nefndarinnar var Þorvaldur Ingimundarson.

Hlutverk landsliðsnefndar er umsjón með A landsliði kvenna, en verkefni ársins voru æfingar, vináttulandsleikir, Algarve-mótið og undankeppni EM 2021. Landsliðsþjálfari var Jón Þór Hauksson, Ian Jeffs aðstoðarþjálfari, Ólafur Pétursson markmannsþjálfari og Hjalti Rúnar Oddsson styrktarþjálfari. Sjúkraþjálfarar voru Ásta Árnadóttir, Ari Már Fritzson, Jófríður Halldórsdóttir, Anna Sólveig Smáradóttir og Andri Ford. Læknar voru Aðalheiður Rósa Jóhannesdóttir, Reynir Björn Björnsson, Arnar Sigurðsson og Hjalti Kristjánsson. Liðsstjórar voru þær Laufey Ólafsdóttir og Kristbjörg Helga Ingadóttir, Viðar Halldórsson var íþrótta- og félagsfræðingur liðsins og þeir Óskar Örn Guðbrandsson og Jóhann Ólafur Sigurðsson voru fjölmiðalfulltrúar liðsins.

Keppnistímabilið hófst með vináttulandsleik gegn Skotum á La Manga, sem jafnframt var fyrsti leikur nýs þjálfara, Jóns Þórs Haukssonar. Eftir markalausum fyrri hálfleik skoraði Elín Metta Jensen 2 mörk með þriggja mínútna millibili í síðari hálfleik. Skotar löguðu stöðuna með síðustu spyrnu leiksins en góður sigur staðreynd. Í lok febrúar hófst svo Algarve-mótið þar sem leikið var við Kanada í fyrsta leik. Lauk leiknum með markalausum jafntefli sem voru mjög góð úrslit, þar sem Kanada liðið er geysilega sterkt og var í 5. sæti á FIFA listanum þegar mótið fór fram. Í kjölfarið kom leikur við Skota, annar leikurinn á einum og hálfum mánuði við þá andstæðinga. Í þetta skiptið voru Skotar sterkari aðilinn og unnu 1-4 sigur þar sem Sara Björk Gunnarsdóttir skoraði mark Íslendinga í síðari hálfleik. Ísland lék svo um 9. sætið við heimakonur í Portúgal og var það góður leikur á hálfu íslenska liðsins. Agla María Albertsdóttir kom Íslandi yfir á 2. mínútu og Selma Sól Magnúsdóttir bætti við öðru marki á 38. mínútu. Portúgalir minnkuðu muninn á 88. mínútu og settu þannig smá pressu á íslenska liðið sem svaraði á besta mögulega máta því Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði mínútu síðar og Svava Rós Guðmundsdóttir gulltryggði 4-1 sigur með marki í uppbótartíma. Níunda sætið á mótinu staðreynd sem að þessu sinni fór fram með breyttu fyrirkomulagi. Tveir leikir í riðlakeppninni og svo leikið um sæti og því voru leikirnir aðeins þrír í stað fjögurra áður. Í lok ársins bárust svo þær fregnir að aftur yrði fyrirkomulagi mótsins breytt og að þessu sinni yrðu þjóðirnar aðeins 8 sem mundu taka þátt, í stað 12 áður. Það þýddi að Íslandi var ekki boðið að vera með á mótinu árið 2020 eftir 13 ára stöðuga þátttöku. Þurfti því að hafa hraðar hendur og varð niðurstaðan sú að leikið verður á Pinatar Cup á Spáni í mars 2020.

Í apríl var liðinu svo boðið til Suður-Kóreu þar sem leiknir voru tveir vináttulandsleikir við heimakonur, sem undirbjuggu sig fyrir úrslitakeppni HM. Í fyrri leiknum vannst góður sigur 3-2, fyrir framan um 16 þúsund áhorfendur. Berglind Björg Þorvaldsdóttir skoraði 2 mörk í fyrri hálfleik og íslenska liðið leiddi í leikhléi. Suður-Kórea hóf seinni hálfleikinn af krafti og voru búnar að jafna metin um miðjan hálfleikinn. Það var svo í uppbótartíma að Rakel Hönnudóttir tryggði íslenskan sigur. Í seinni leiknum, sem fór fram þremur dögum síðar, var Rakel aftur á ferðinni og kom íslenska liðinu yfir á 22. mínútu. Heimakonur jöfnuðu metin sex mínútum síðar og mörkin urðu ekki fleiri í þeim leik. Í júní voru svo leiknir 2 vináttulandsleikir gegn Finnum og fóru þeir báðir fram ytra. Fyrri leikurinn fór fram í Turku og lauk með markalausum jafntefli þar sem bæði lið fengu ágætis tækifæri til að skora. Síðari leikurinn fór fram á þjóðhátíðardaginn sjálfan í Espoo þar sem íslenska liðið vann góðan 2-0 sigur. Hlín Eiríksdóttir skoraði glæsilegt mark með langskoti á 21. mínútu en fram að því höfðu Finnar átt ágætis tækifæri. Dagný Brynjarsdóttir bætti svo öðru marki við á 33. mínútu eftir sendingu frá Glódísi Perlu Viggósdóttur. Ekki urðu mörkin fleiri í leiknum þrátt fyrir góð færi beggja liða.

Þessir leikir voru sannarlega góður undirbúningur fyrir undankeppni EM sem hófst á heimavelli í lok ágúst þegar tekið var á móti Ungverjum. Þar vannst 4-1 sigur eftir sannfærandi frammistöðu í síðari hálfleik. Elín Metta Jensen skoraði fyrsta mark leiksins á 10. mínútu og hefðu mörkin getað verið fleiri í upphafi leiksins. En smám saman komust gestirnir meira inn í leikinn og á 40 mínútu jöfnuðu þær metin og staðan þannig í leikhléi. Leikur íslenska liðsins var hinsvegar mjög góður í síðari hálfleik. Hlín Eiríksdóttir kom íslenska liðinu yfir á 59. mínútu og Dagný Brynjarsdóttir bætti við marki sex mínútum síðar. Á síðustu mínútu leiksins skoraði svo Elín Metta sitt annað mark í leiknum og fjórða mark Íslendinga. Þremur dögum síðar var aftur leikið á heimavelli, þá við Slóvaka. Þrátt fyrir nokkra yfirburði íslenska liðsins skoraði það bara eitt mark sem dugði þó til sigurs. Elín Metta Jensen skoraði það mark á 65. mínútu og tryggði þar með torsóttan sigur. Þriðji leikurinn í undankeppninni, og sá síðasti á þessu ári, fór fram á útivelli, í Liepaja í Lettlandi. Fjórum dögum áður var hinsvegar leikinn vináttulandsleikur gegn Frökkum í Nimes. Þar voru heimakonur nokkuð sterkari aðilinn og unnu 4-0 sigur. Vallaraðstæður í Lettlandi voru hinsvegar ekki góðar þegar flautað var til leiks, enda völluminn rennbautur og þungur, en íslenska liðið lét það ekki á sig fá. Fanndís Friðriksdóttir skoraði með skalla á 17. mínútu og annað skallamark leit dagsins ljós á 29. mínútu þegar Dagný Brynjarsdóttir var á ferðinni. Fanndís bætti við þriðja markinu, beint úr hornspyrnu á síðustu mínútu fyrri hálfleiks og staðan því 0-3 í leikhléi. Eftir fimm mínútna leik bætti Elín Metta Jensen við fjórða markinu og þær Alexandra Jóhannesdóttir og Margrét Lára

## Ársskýrslur nefnda KSÍ 2019

---

Viðarsdóttir bættu við mörkum seint í leiknum. Öruggur 0-6 sigur því staðreynd sem hefði hæglega getað verið stærri. Ljóst er að baráttan um toppsætið í riðlinum er á milli Íslands og Svíþjóðar, en báðar þjóðirnar hafa unnið sína fyrstu 3 leiki.

Leikir liðsins á árinu voru óvenju margir, eða 12 talsins - níu vináttulandsleikir og þrír leikir í undankeppni EM. Allir leikir undankeppninnar unnust og fjórir vináttulandsleikir sömuleiðis. Þremur leikjanna lauk með jafntefli og tópin urðu tvö.

Þrjár landsliðskonur náðu þeim magnaða áfanga á árinu að leika hundraðasta landsleik sinn. Hallbera Guðný Gísladóttir náði áfanganum gegn Kanada á Algarve. Fanndís Friðriksdóttir lék sinn 100. landsleik í seinni leiknum gegn Suður-Kóreu og Rakel Hönnadóttir náði áfanganum gegn Lettum og varð 10. landsliðskonan til að ná þessum áfanga.

Framundan er spennandi landsliðsár þar sem farið verður á nýtt mót í mars og svo fimm spennandi leikir í undankeppni EM 2021. Í apríl verður leikið ytra gegn Ungverjum og Slóvökum. Í júní eru tveir heimaleikir, gegn Lettum og Svíum og lokaleikurinn er svo í september gegn Svíum ytra.

Starfsmönnum liðsins, leikmönnum og nefndarfólki þakka ég ómetanleg störf á liðnu starfsári og hlakka til að takast á við spennandi og krefjandi verkefni næsta knattspyrnuárs.

*Borghildur Sigurðardóttir, formaður*

### Skýrsla unglínganefndar kvenna 2019

**Unglínganefnd** kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2019: Ragnhildur Skúladóttir, formaður, Jakob Skúlason, Guðjón Bjarni Hálfánarson, Viggó Magnússon, Hafsteinn Steinsson, Mist Rúnarsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir.

**Hlutverk** nefndarinnar er umsjón með U16/U17 og U19 ára landsliðum kvenna.

**Þjálfarar** þessara liða eru Þórður Þórðarson (U19) og Jörundur Áki Sveinsson (U16/U17). Þeir eru einnig aðstoðarþjálfarar hvors annars.

**Sjúkrþjálfarar** liðanna á árinu voru þær Guðrún Sigurðardóttir, Þórdís Ólafsdóttir og Hildur Grímsdóttir.

**Læknar** liðanna árið 2019 voru þau Valur Helgi Kristinsson, Sigrún Arnardóttir, Jón Torfi Halldórsson, Reynir Björn Björnsson og Hildur Baldursdóttir.

**Líðsstjórar** voru þær Sigríður Fanney Pálsdóttir með U19, Jóhanna Einarsdóttir og Hafdís Jóna Guðmundsdóttir með U16/U17.

#### U19 (2000/01)

Liðið lék vináttuleiki á Spáni (La Manga) í mars. Fyrst var leikið gegn Svíum, þar sem vannst 2-0 sigur. Næst var leikið gegn Ítalíu og tapaðist sá leikur 2-3, og lokaleiknum við Dani lauk með jafntefli 2-2. Um er að ræða sterka andstæðinga og góðar aðstæður og var þetta gríðarlega mikilvægur undirbúningur liðsins fyrir milliriðil.

#### Milliriðill U19 (2000/01)

Riðillinn fór fram í Hollandi í apríl. Liðið gerði jafntefli 2-2 við Rússland og vann Búlgaríu 6-0. Í síðasta leiknum leiknum sem var á móti Hollandi varð niðurstaðan 1-2 tap. Liðið endaði í öðru sæti riðilsins með 4 stig og spilaði virkilega vel í þessu móti og var nálægt því að vinna sér sæti í úrslitakeppninni.

#### U19 (2001/2002)

Liðið lék tvo æfingaleiki í Svíþjóð í lok ágúst við Svía og Norðmenn. Þessir æfingaleikir eru árlegir hjá þessum þjóðum og er leikið til skiptis í Noregi og Svíþjóð. Þessir leikir eru liður í undirbúningi U19 kvenna fyrir undankeppni EM ár hvert. Leikið var fyrst við Svía og tapaðist sá leikur 3-1. Tveimur dögum síðar var leikið við Norðmenn og tapaðast sá leikur 2-1. Þrátt fyrir töpin þá voru þessir leikir mikilvægir í undirbúningi liðsins fyrir EM 2019/2020.

#### Undankeppni U19 (2001/02)

Liðið spilaði í undankeppni EM 2019/2020 í október sl. og fór riðillinn fram á Íslandi. Fyrsti leikur var gegn Grikklandi og unnu stelpurnar leikinn 6-0. Annar leikurinn var gegn Kasakstan og vannst sá leikur 7-0. Þriðji og síðasti leikurinn var gegn Spáni, sem er eitt af bestu liðum heims í þessum aldursflokki, og unnu þær spænsku 3-0 sigur. Annað sætið í riðlinum var okkar og þar með sæti í milliriðli.

#### U19 (2001/2002)

Liðið lék tvo æfingaleiki við Svía í byrjun nóvember á Íslandi. Fyrri leikurinn fór fram í Fífunni þann 5. nóvember og unnu stelpurnar okkar góðan 3-0 sigur í vel spiluðum leik. Seinni leikurinn fór fram í Egilshöll tveimur dögum síðar og vannst sá leikur einnig og nú 2-0. Stelpurnar okkar spiluðu virkilega vel þessa leiki.

#### U16 (2003/2004)

Liðið tók þátt í tveimur verkefnum á árinu. Fyrst var farið til Króatíu á UEFA Youth Development Tournament. Aðrar þátttökuþjóðir voru Norður-Makedónía og Búlgaríu, ásamt heimaþjóðinni Króatíu. Fyrsti leikurinn var á móti Búlgaríu og vannst 6-0 sigur. Næsti leikur var á móti Norður-Makedóníu og þar unnu stelpurnar okkar 15-0, sigur sem er einn stærsti sigur sem íslenskt landslið hefur unnið. Í síðasta leiknum á móti heimastúlkum í Króatíu unnu stelpurnar okkar 6-0 sigur.

Seinna verkefni liðsins var NM U16 í Uddevalla í Svíþjóð í júlí. Fyrsti leikur liðsins var gegn Þýskalandi fór sá leikur 3-3. Næst var leikið gegn vinum okkar Norðmönnum þar sem vannst 3-2 sigur. Síðasti leikurinn í riðlinum var gegn Danmörku og fór sá leikur 2-2. Að lokum var spilað um sæti, og þar spiluðum við gegn Svíum um 3. sætið og fór leikurinn 2-2, þannig að gripið var til vítaspyrnukeppni og unnu Svíar að lokum. Stelpurnar okkar spiluðu mjög vel á mótinu.

#### U17 (2002/2003)

Liðið lék tvo vináttuleiki við Írland í febrúar á heimavelli og fóru þeir fram 18. og 20. febrúar. Ísland vann fyrri leikinn 3-0 og seinni leikurinn vannst einnig örugglega 5-2.

#### Milliriðill U17 (2002/2003)

Riðillinn fór fram á Ítalíu í mars. Fyrsti leikurinn var gegn heimastúlkum og unnu okkar stelpur nokkuð óvæntan 2-1 sigur í þeim leik. Leikur tvö var gegn frændum okkar frá Danmörku og unnu Danir 2-0 sigur. Síðasti leikur milliriðils var gegn Slóveníu og töpuðum við 1-0 sem voru nokkuð svekkjandi úrslit þar sem við stjórnunum leiknum allan tímann.

#### Undankeppni U17 (2003/2004)

## Ársskýrslur nefnda KSÍ 2019

---

Spilað var í undankeppni EM 2019/2020 í september og leikið var í Hvíta-Rússlandi. Fyrsti leikur var gegn heimamönnum og fóru okkar stelpur á kostum og unnu 10-1 sigur. Annar leikurinn var gegn Móltu og vannst sá leikur 1-0. Þriðji og síðasti leikurinn var gegn Frakklandi sem eru gríðarlega sterkar í þessum aldursflokki, Frakkar unnu öruggan 3-0 sigur. Liðið endaði í öðru sæti og tryggði sér þar með sæti í milliriðli.

### Lokaorð

Yngri landslið kvenna spiluðu alls 28 leiki á árinu. U19 ára liðið spilaði 13 landsleiki, U17 átta leiki og U16 sjö leiki. Bæði U17 og U19 léku í milliriðlum síðastliðið vor þar sem U19 ára liðið hafnaði í öðru sæti í sínum riðli en U17 í þriðja sæti í sínum. Sigr þarf milliriðil til þess að komast í úrslitakeppnina, en einungis átta lið komast í úrslit hjá stelpunum. U17 og U19 unnu sér sæti í milliriðlum EM 2019/2020 en bæði liðin höfnuðu í öðru sæti í sínum riðlum í undankeppninni. Mun U17 leika í Ungverjalandi í mars og U19 í Hollandi í apríl og verður spennandi að fylgjast með gengi liðanna.

Óhætt er að fullyrða að aldrei hafi yngri landslið kvenna leikið jafn marga leiki á einu ári og var árangur liðanna virkilega góður. Það er gríðarlega mikilvægt að eiga unglingslandslíð í milliriðlum ár eftir ár sem gefur liðunum og leikmönnum þeirra fleiri góða leiki og hjálpar þeim að þroskast á vegferð þeirra að verða A-landslíðskonur framtíðarinnar. Þjálfarar yngri landsliða kvenna, þeir Þórður Þórðarson og Jörundur Áki Sveinsson, eru mjög áhugasamir og vinna frábært starf með liðunum. Í haust voru gerðar breytingar á æfingatímum landsliðanna og æfa þau nú í miðri viku, koma sjaldnar saman en ná fleiri æfingum þegar þau hittast. Þessi nýja útfærsla lofar góðu, en verður endurmetin í lok vetrar. Það er alveg ljóst að við sem knattspyrnuhreyfing þurfum að halda vel á spöðunum því að samkeppnin er stöðugt að aukast og fleiri þjóðir farnar að bæta umgjörð landsliðanna og setja í þau meira fjármagn.

Í lokin langar mig að þakka öllum samnefndarmönnum fyrir þeirra framlag, þjálfurum, öllu starfsfólki landsliðanna sem og starfsfólki KSÍ fyrir samstarfið á árinu.

*Ragnhildur Skúladóttir,  
formaður unglingsnefndar kvenna*

## Ársskýrslur nefnda KSÍ 2019

### Árangur landsliða Íslands á árinu 2019

Lið	L	U	J	T	Skoruð	Fengin á sig	Sigrar	Jafntefli	Töp	Markamismunur
A karla	12	6	3	3	16	13	50%	25%	25%	3
U21 karla	9	5	1	3	16	14	56%	11%	33%	2
U19 karla	5	3	1	1	11	8	60%	20%	20%	3
U18 karla	2	2	0	0	4	1	100%	0%	0%	3
U17 karla	14	6	2	6	26	27	43%	14%	43%	-1
U16 karla	6	2	1	3	15	14	33%	17%	50%	1
U15 karla	3	0	0	3	1	9	0%	0%	100%	-8
<b>Samtals karla</b>	<b>51</b>	<b>24</b>	<b>8</b>	<b>19</b>	<b>89</b>	<b>86</b>	<b>47%</b>	<b>16%</b>	<b>37%</b>	<b>3</b>
Lið	L	U	J	T	Skoruð	Fengin á sig	Sigrar	Jafntefli	Töp	Markamismunur
A kvenna	12	7	3	2	24	14	58%	25%	17%	10
U19 kvenna	13	6	2	5	35	17	46%	15%	39%	18
U17 kvenna	8	5	0	3	21	10	63%	0%	37%	11
U16 kvenna	7	4	3	0	36	8	57%	43%	0%	28
U15 kvenna	3	2	1	0	11	1	67%	33%	0%	10
<b>Samtals kvenna</b>	<b>43</b>	<b>24</b>	<b>9</b>	<b>10</b>	<b>127</b>	<b>50</b>	<b>56%</b>	<b>21%</b>	<b>23%</b>	<b>77</b>
<b>Samanlagt</b>	<b>94</b>	<b>48</b>	<b>17</b>	<b>29</b>	<b>216</b>	<b>136</b>	<b>51%</b>	<b>18%</b>	<b>31%</b>	<b>80</b>

*Yfirlit landsleikja ársins má sjá á vef KSÍ undir  
[www.ksi.is/landslid/landsleikir](http://www.ksi.is/landslid/landsleikir)*

*Yfirlit þeirra leikmanna sem tóku þátt í verkefnum ársins má sjá á vef KSÍ undir [www.ksi.is/mot/leikir-mork-lids/](http://www.ksi.is/mot/leikir-mork-lids/)*

### **A landsleikir karla 2019**

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2019&flokkur=112&felag=136924&mot=39301&mot=39501>

### **U21 landsleikir karla 2019**

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2019&flokkur=281&felag=136924&mot=39821&mot=39421>

### **U19 landsleikir karla 2018**

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2019&flokkur=380&felag=136924&mot=39881&mot=39602>

### **U18 landsleikir karla 2018**

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2019&flokkur=2740&felag=136924&mot=40241>

### **U17 landsleikir karla 2018**

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2019&flokkur=421&felag=136924&mot=40085&mot=39481&mot=38251&mot=39583&mot=39582>

### **U16 landsleikir karla 2018**

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2019&flokkur=3920&felag=136924&mot=38245&mot=40061>

### **A landsleikir kvenna 2018**

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2019&flokkur=112&felag=136924&mot=39662&mot=39661&mot=39441&mot=39941>

### **U19 landsleikir kvenna 2018**

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2019&flokkur=380&felag=136924&mot=39462&mot=39601&mot=39641&mot=39621>

### **U17 landsleikir kvenna 2018**

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2019&flokkur=421&felag=136924&mot=39461&mot=39521&mot=39861>

### **U16 landsleikir kvenna 2018**

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2019&flokkur=3920&felag=136924&mot=40143&mot=40121>

### **U15 landsleikir kvenna 2018**

<https://www.ksi.is/mot/felog/leikir-mork-lids/?ar=2019&flokkur=3920&felag=136924&mot=40342>

# Ársskýrslur nefnda KSÍ 2019

## Skýrsla mótanefndar

### Skýrsla mótanefndar 2019

Mótanefnd KSÍ var skipuð eftirtöldum einstaklingum: Valgeir Sigurðsson, formaður, Ásgeir Ásgeirsson, Björn Friðbjólfsson, Davíð Rúrik Ólafsson, Sveinbjörn Másson, Vignir Már Þormóðsson og Þórarinn Gunnarsson.

Starfsfólk mótamála voru Birkir Sveinsson, mótastjóri, og Guðlaugur Gunnarsson. Einnig sinntu Pjetur Sigurðsson og Þorvaldur Ingimundarson ýmsum störfum tengdum mótamálum. Guðlaugur annaðist jafnframt mótahald Knattspyrnuráðs Reykjavíkur, samkvæmt sérstökum samningi KRR og KSÍ, og skipulagði Faxaflóamót í yngri flokkum í samvinnu við félögin sem þar eiga hlut að máli.

#### Úrslit leikja og stöðutöflur

Öll úrslit leikja og helstu stöðutöflur móta á vegum KSÍ eru birt á vef KSÍ og í bókinni *Íslensk knattspyrna 2019* eftir Víði Sigurðsson, sem Sögur útgáfa gefur út. Þetta er í 18. skiptið sem KSÍ birtir öll úrslit og stöðutöflur í bókinni. Aðildarfélög KSÍ fá eintak af bókinni.

#### Flokkun og fjöldi leikja

Leikjum fjölgaði um 106 milli ára, þrátt fyrir verulega fækkun leikja í Polla- og Hnátumótum. Eftirfarandi töflur veita helstu upplýsingar um mótin 2019 og samanburð við árin á undan.

#### Heildarfjöldi KSÍ leikja

Leikár	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2010	2008	2006
Leikir samtals	5.439	5.333	5.675	5.361	5.300	5.439	5.520	5.403	5.515	4.998	5.179

Meistaraflokkur karla	2019	2018	2017
Íslandsmót og Meistarakeppni	753	711	741
Bikarkeppni	79	77	77
Deildarbikar	182	184	188
Futsal	55	52	55
<b>Samtals:</b>	<b>1069</b>	<b>1024</b>	<b>1061</b>

Meistaraflokkur kvenna	2019	2018	2017
Íslandsmót og Meistarakeppni	223	237	253
Bikarkeppni	27	27	27
Deildarbikar	62	71	72
Futsal	6	15	15
<b>Samtals:</b>	<b>318</b>	<b>350</b>	<b>367</b>

2. flokkur karla	2019	2018	2017
Íslandsmót	350	350	378
Bikarkeppni	25	24	24
<b>Samtals:</b>	<b>375</b>	<b>374</b>	<b>402</b>

2. flokkur kvenna	2019	2018	2017
Íslandsmót	98	98	87
Bikarkeppni	13	13	12
<b>Samtals:</b>	<b>111</b>	<b>111</b>	<b>99</b>

3. flokkur karla	2019	2018	2017
Íslandsmót	436	406	384
Bikarkeppni	27	26	28
Íslandsmót 7 manna	0	0	3
<b>Samtals:</b>	<b>463</b>	<b>432</b>	<b>415</b>

3. flokkur kvenna	2019	2018	2017
Íslandsmót	180	173	202
Bikarkeppni	20	20	22
Íslandsmót 7 manna	0	0	0
<b>Samtals:</b>	<b>200</b>	<b>193</b>	<b>224</b>

4. flokkur karla	2019	2018	2017
Íslandsmót	518	477	526
Íslandsmót 7 manna	0	30	28
<b>Samtals:</b>	<b>518</b>	<b>507</b>	<b>554</b>

4. flokkur kvenna	2019	2018	2017
Íslandsmót	296	281	282
Íslandsmót 7 manna	20	0	0
<b>Samtals:</b>	<b>316</b>	<b>281</b>	<b>282</b>

5. flokkur karla	2019	2018	2017
Íslandsmót	983	901	987

5. flokkur kvenna	2019	2018	2017
Íslandsmót	464	426	466

6. flokkur karla	2019	2018	2017
------------------	------	------	------

6. flokkur kvenna	2019	2018	2017
-------------------	------	------	------



## Ársskýrslur nefnda KSÍ 2019

Pollamót	251	309	367	Hnátumót	195	236	219
----------	-----	-----	-----	----------	-----	-----	-----

<b>Eldri flokkur karla</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
Íslandsmót	56	65	89

<b>Mót fatlaðra*</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
Íslandsleikar	0	9	39**

\*Leikið í blönduðum liðum /

\*\*Alþjóðamót 2017

<b>Landsleikir karla</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
A landslið	12	15	12
U21 landslið	9	9	9
U18 -19 landslið	7	7	9
U15 - U17 landslið	23	22	12

<b>Landsleikir kvenna</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
A landslið	12	10	14
U18 -19 landslið	13	11	8
U15 - U17 landslið	18	15	15

<b>Evrópuleikir félagsliða karla</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
Meistaraflokkur	12	16	16
Unglingaflokkur	4	2	2
Futsal meistaraflokkur	3	0	0

<b>Evrópuleikir félagsliða kvenna</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
Meistaraflokkur	7	5	7

<b>Samtals:</b>	<b>3785</b>	<b>3686</b>	<b>3935</b>
-----------------	-------------	-------------	-------------

<b>Samtals:</b>	<b>1654</b>	<b>1647</b>	<b>1740</b>
-----------------	-------------	-------------	-------------

### Skipulag móta í meistaraflokki

Halldið var áfram að vinna niðurröðun leikja í meistaraflokki með sama fyrirkomulagi og 2018. Mótanefnd úthlutaði félögum númer í töfluröðinni sem best uppfylltu óskir viðkomandi félaga. Þannig var reynt að verða við óskum félaga sem best hentaði m.t.t. aðsóknar, ferðalaga o.fl.

Góðar veðurfarslegar aðstæður í upphafi móts, ásamt fjölgun gervigrasvalla, gerði það að verkum að lítið var um frestanir leikja vegna vallaraðstæðna.

Ákveðið var að raða leikjum í Inkasso deild kvenna með svipuðum hætti og Pepsi Max deild kvenna, þ.e. að gera hlé á opinberum landsleikjadögum. Slíkt minnkaði árekstra félaganna við verkefni landsleikja. Leikir meistaraflokks kvenna héldu áfram að rekast á við verkefni yngstu landsliðanna þar sem þau verkefni eru ekki á opinberum landsleikjadögum.

Einherji og Hvíti riddarinn hættu við þátttöku í meistaraflokki kvenna. Leiknir R bættist hins vegar við. Árið 2019 tóku því 27 félög þátt í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna.

Tvö félög frá árinu áður tilkynntu ekki þátttöku í meistaraflokki karla – Stál-úlfur og Geisli Aðaldal. Jafnframt ákváðu Huginn og Höttur að tefla fram sameiginlegu keppnisliði í meistaraflokki karla. Fjögur ný lið bættust við í Íslandsmótið; KÁ, Fenrir, KM og Samherjar. Fjöldi liða í Íslandsmóti meistaraflokks karla var því 79.

Leikið var með sama keppnisfyrirkomulagi og 2018 í öllum deildum Lengjubikarsins. Að ósk félaganna var leikjum raðað þéttar í A deild karla, því var erfiðara um vik að koma fyrir frestuðum leikjum. Einn leikur A deildar karla fór því ekki fram.

### Fjöldi gervigrasvalla

Eins og getið er um hér að ofan þá hefur keppnisvöllum með gervigrasi fjölgað. Um helmingur liða í mótum meistaraflokka er nú með heimavöll á gervigrasi. Í neðangreindri töflu má sjá fjölda aðalkeppnisvalla félaga í mótum meistaraflokka lagða gervigrasi.

Fjöldi félaga með aðalkeppnisvöll lagðan gervigrasi			
Mót	2019	2018	2017
Efsta deild karla	6	3	2
Efsta deild kvenna	5	3	3
1. deild karla	6	4	5
1. deild kvenna	5	4	2
2. deild karla	5	3	2
2. deild kvenna	3	2	2

## Ársskýrslur nefnda KSÍ 2019

3. deild karla	5	5	4
4. deild karla	16	15	15
<b>Samtals:</b>	<b>51</b>	<b>39</b>	<b>35</b>

### Aðsókn í Pepsi Max-deild karla 2019

Alls mættu 134.354 áhorfendur á leikina 132 í Pepsi Max deild karla 2019, sem gerir 1.018 manns að meðaltali á hvern leik. Flestir mættu á heimaleiki Íslandsmeistara KR, eða 1.623 að jafnaði, en alls voru 7 af félögum 12

í deildinni með yfir eitt þúsund áhorfendur að meðaltali á sína heimaleiki. Ellefta umferðin reyndist sú best sótt a en meðalaðsóknin að leikjum þeirrar umferðar var 1.368. Alls var meðalaðsóknin yfir eitt þúsund í 14 umferðum af 22, en þó í aðeins einni umferð af síðustu sjö.

Pepsi-deild karla	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010
Samtals	134.354	113.761	110.675	128.741	146.137	121.852	139.576	136.740	148.163	159.092
Meðaltal á leik	1.018	862	838	975	1.107	923	1.057	1.034	1.122	1.205

### Aðsókn í Pepsi Max-deild kvenna 2019

Um nokkra hækkun er að ræða milli ára, en í fyrra var meðalaðsóknin 186. Breiðablik var að meðaltali með bestu aðsóknina, eða 408 áhorfendur á leik, og Íslandsmeistarar Vals voru með 340 áhorfendur að meðaltali. Best sótti leikurinn í sumar var einmitt viðureign þessara liða á Kópavogsvelli í 17. umferð, en þar mættu 1.206 áhorfendur, og næst best sótti leikurinn var viðureign sömu liða á Origo-vellinum, þar sem mættu 828 manns.

### Íslandsmót yngri flokka

Keppni hófst að öllu jöfnu nokkrum dögum fyrr í maí en undanfarin ár. Með því var hægt að bregðast við óskum félaga um að lengja sumarfrí hjá yngstu aldursflokkinum um mitt sumar.

Smávægilegar breytingar voru gerðar á keppnisfyrirkomulagi í 2. og 5. flokki karla. Hætt var að hafa úrslitakeppni í 2. flokki karla B-liða og í úrslitakeppni 5. flokks karla var liðunum fækkað úr 12 niður í 8 lið. Nefndin ákvað að heimila KA og Þór að leika í SV-riðlum í stað þess að leika í norð/austur-riðlum. Mæltist það vel fyrir, m.a. hjá öðrum félögum á Norðurlandi.

Til að bregðast við vandræðum sem hlotist hafa af fjölda frestaðra leikja setti mótanefnd þá reglu að óheimilt væri að fresta leikjum aftur fyrir 1. ágúst. Dagana 8.-11. júlí setti mótanefnd svo á alla leiki yngri flokka sem ekki höfðu farið fram. Samtals voru settir á 90 óleiknir leikir ABCD-liða. Í flestum þessara tilfella höfðu félög frestað leikjum án samráðs við KSÍ. Minna var því um að félög þyrftu að leika nokkurs konar hraðmót í lokin eins og oft áður.

Áhuginn fyrir keppni í Polla- og Hnátumótinu hefur farið dvínandi undanfarin ár. Kemur það m.a. fram í því að í mörgum tilfellum mæta lið ekki til leiks þrátt fyrir að hafa tilkynnt þátttöku. Einnig hefur þátttökuliðum fækkað úr 330 árið 2014 í 181 árið 2019. Hefur því verið ákveðið að 2020 verði ekki mót á vegum KSÍ í 6. flokki. Nægt framboð er af slíkum mótum og ekki lengur sama þörf á því og áður að KSÍ haldi utan um skipulag slíkra móta.

### Sameiginleg keppnislið

Ávallt er verulegur fjöldi keppnisliða í Íslandsmótum skipaður leikmönnum sem koma frá tveimur eða fleiri félögum samkvæmt heimild í reglugerð. Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir fjölda þessara liða. Hvert sameiginlegt lið getur innihaldið A, B, C, og D-lið.

### Fjöldi sameiginlegra liða

	2019	2018
Meistaraflokkur karla	5	5
2. flokkur karla	20	17
3. flokkur karla	9	9
4. flokkur karla	8	6
5. flokkur karla	7	6

	2019	2018
Meistaraflokkur kvenna	4	4
2. flokkur kvenna	6	7
3. flokkur kvenna	8	9
4. flokkur kvenna	8	9
5. flokkur kvenna	6	4

## Ársskýrslur nefnda KSÍ 2019

### Fjöldi liða í mótum

Yfirlit um fjölda liða í mótum er birt hér aftar í skýrslunni. Í ár tóku 861 keppnislið aðildarfélaga þátt í mótum á vegum KSÍ, 567 lið karla og 294 lið kvenna. Þátttökuliðum karla fækkaði um 42 milli ára, aðallega 6. flokki. Liðum kvenna fækkaði um 4 milli ára.

### Íslandsmót í knattspyrnu innanhúss – Futsal

17 lið karla og 3 liða kvenna tóku þátt í Íslandsmóti meistaraflokks í knattspyrnu innanhúss. Að venju fóru úrslitaleikir mótsins fram í Laugardalshöll.

Vængir Júpiters tóku þátt í UEFA Futsal Cup.

### Vanræksla, agabrot og sektir

Í reglugerðum er kveðið á um sektir af ýmsum tilefnum. Að venju voru sektir hæstar vegna agamála og vanrækslu á að skrá úrslit og leikskýrslur í gagnagrunn KSÍ á réttum tíma. Einnig var um að ræða sektir vegna ólöglegra leikmanna, seinna úrsagna úr mótum og vegna liða sem ekki mættu til leiks. Í vissum tilfellum ákveða dómstólar KSÍ einnig sektir. Í 6 tilfellum þurfti að sekta félög vegna liða á þeirra vegum sem ekki mættu til leiks. Heildarsektir á félögin voru rúmlega kr. 2,7 milljónir, en var rúmlega 2,5 milljónir árið 2018.

	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010
Fjöldi liða sem hættu þátttöku	27	34	30	29	24	29	41	37	33	28
Fjöldi leikja þar sem annað liðið mætti ekki	6	11	6	7	9	6	16	3	15	8

### KRR-mót og Faxaflóamót

KSÍ annast skipulagningu þessara móta skv. sérstöku samkomulagi. Leikjafjöldi kemur fram í neðangreindri töflu. Mótanefndir KRR og Faxaflóamótanna sameinuðu keppni í öllum yngri flokkum kvenna og teljast leikir sem leikir í Faxaflóamótunum sem skýrir fjölgun leikja þar á móti fækkun KRR leikja. Lítilsháttar fjölgun varð á heildarleikjafjölda í þessum mótum.

Heildarfjöldi leikja	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010
KRR-mót	743	921	913	792	809	795	903	772	1.215	1.387
Faxaflóamót	1576	1.359	1.250	1.196	873	844	1.316	1.053	1.378	1.231

### Lokaorð

Skipulag móta og utnumhald þeirra mun ávallt vera hornsteinn Knattspyrnusambands Íslands. Mótahaldið hefur þróast og tekið breytingum í gegnum tíðina.

Þetta árið hafa nokkrar breytingar verið gerðar þar sem megin markmiðið er að bæta mótahaldið og knattspyrnuleg gæði sem og að mæta þörfum og óskum aðildarfélagana.

Á sama tíma eru þær breytingar sem gerðar eru á skipulagi móta einhverskonar málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða og þarfa á hverjum tíma.

Með bættri aðstöðu gefst nú betra tækifæri en áður að skoða lengingu móta jafnvel þó svo að ytri aðstæður muni alltaf hafa áhrif á mótun starfsins.

Síðari hluta árs hefur verið nokkur umræða um fjölgun leikja í Pepsi Max deild karla og ekki er ólíklegt að áþekk umræða muni mögulega ná til annara deilda í framhaldinu. Markmið slíkra breytinga yrði fyrst til að auka gæði og samkeppnishæfni íslenskrar knattspyrnu þó vissulega komi önnur sjónarmið til.

Mótanefnd fagnar allri umræðu um mótamál og hefur verið opin fyrir því að skoða ýmsa möguleika í samtali við aðildarfélögin. Gaumgæfa þarf vel allar breytingar áður en ákvarðanir eru teknar og taka þá skrefin hægt en örugglega – við eigum á öllum tímum að vera tilbúin að þróa mótin fótboltanum til heilla.

Að lokum vil ég þakka aðildarfélögunum ánægjulegt og árangursríkt samstarf sem og samnefndarmönnum mínum, mótastjóra og öðrum starfsmönnum KSÍ fyrir þeirra miklu og góðu störf á árinu 2019.

*Valgeir Sigurðsson, formaður*

## Ársskýrslur nefnda KSÍ 2019

Þátttaka í mótum utanhúss 2019 - Fjöldi liða																						
	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	
Meistaraflokkur karla	81	79	81	76	79	79	74	77	75	75	69	69	68	67	63	63	62	55	53	52	55	
Eldri flokkur karla 30+	4	4	6	6	5	4	5	7	10	11	12	10	9	10	10	15	15	17	18	18	18	
Eldri flokkur karla 40+	7	6	8	8	9	10	9	11	13	14	14	14	13	15	15	14	10	11				
Eldri flokkur karla 50+	5	5	6	6	4	4	4	4	5													
2. flokkur karla	27	26	27	27	27	28	28	30	32	29	27	29	30	29	30	29	31	26	30	29	28	
2. flokkur karla B lið	17	16	18	17	16	17	13	9	8	7	6	6	5	6	5	3						
3. flokkur karla	33	31	29	29	29	29	29	31	29	35	36	32	36	36	35	40	37	34	33	28	32	
3. flokkur karla B lið	22	31	20	21	21	24	19	20	22	17	16	23	16	16	15	13	10	9	5			
3. flokkur karla C lið	10	11	9	11	15	9	8	6	0	4	6											
3. flokkur karla 7 manna	0	0	3	0	0	2	9	5	9	6	3	3	6	7	3	4	8	9	19	19	23	
4. flokkur karla A lið	36	35	35	35	35	34	36	37	36	36	36	37	42	40	43	43	38	38	33	28	29	
4. flokkur karla B lið	19	22	30	26	23	22	24	26	24	21	25	21	24	27	24	20	14	15	15	15	11	
SF leit svo á að nefndin hefði ekki heimild til að úrskurða um málskostnað sem krafist var af hálfu Iman og Ehsan og var þeim kröfulið því hafnað. Kröfu Iman og Ehsan um skaðabætur vegna ólögmætrar riftunar var einnig hafnað af SF en leikmannsamningar Iman og Ehsan voru ekki túlkaðir á þann hátt að það væri á ábyrgð félags að leikmenn viðhaldi „markaðsvirði“ sínu. Þá hafnaði SF kröfur Iman og Ehsan um endurgreiðslu á útlögðum kostnaði vegna umboðsmanns þeirra. SF leit svo á að greiðslur leikmannanna til þeirra væru félaginu óviðkomandi og yrði það ekki lagt á félagið að bera slíkan kostnað. Loks leit SF svo á að það falli utan úrskurðarvalds nefndarinnar að ákvarða félögum viðurlög en mun vekja athygli skrifstofu KSÍ á erindinu. Í greinum 14.16.1 og 14.16.2 í reglugerð nr. 15/2019 kemur fram að félagi beri að uppfylla þær fjárhagslegu skuldbindingar sem það tekur á sig gagnvart leikmönnum og öðrum félögum, skv. efni þeirra leikmann-, sambands- eða félagaskiptasamninga sem það er aðili að. Málum sem varði meint brot á greininni skuli vísa til Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ.

### ***Kristófer James Eggertsson gegn Knattspyrnudeild UMF Víkings***

Ágreiningur aðila snéri að greiðsluskyldu Víkings gagnvart KJE í kjölfar meiðsla sem leikmaðurinn varð fyrir í leik með Skallagrími er leikmaðurinn lék þar á láni frá Víkingi sumarið 2019. Í samræmi við skriflegan samning á milli Víkings og Skallagríms um tímabundin félagaskipti KJE bar Víkingur ábyrgð á efdum gagnvart KJE, samkvæmt leikmannssamningi þeirra á milli á meðan lánstími KJE hjá Skallagrími stóð yfir. Í samræmi við 2. gr. c. í nefndum leikmannssamningi er það skylda félags að vísa leikmanni, sem verður fyrir meiðslum við æfingar eða keppni á þess vegum eða KSÍ, til hæfs læknis eða sjúkraþjálfara. Ennfremur skal félag greiða þann kostnað sem leikmaðurinn þyrfti að bera vegna meðferðarinnar og ekki greiðist af almannatryggingum eða tryggingafélögum, ef leikmaður fylgir leiðsögn félagsins um lækni og sjúkraþjálfara, enda sé slík meðferð bein afleiðing meiðsla við æfingar eða keppni á vegum félagsins eða KSÍ. Leikmannssamning aðila ber að skýra samkvæmt orðanna hljóðan en með vísan til fyrrnefndrar 2. gr. c. samningsins ber Víkingi að endurgreiða þann kostnað sem KJE hefur þurft leggja út vegna sjúkrameðferðar sem hann hefur undirgengist sem bein afleiðing meiðsla sem hann varð fyrir. Víkingur leit svo á félagið hefði rétt á draga frá útlögðum kostnaði KJE kostnað vegna æfingaferðar félagsins á vormánuðum 2019. SF leit svo á ekki lægi fyrir í leikmannssamningi aðila né í öðrum gögnum málsins skrifleg heimild eða samkomulag þess efnis að umræddar greiðslur sem að Víkingur vísar til komi í stað þeirra greiðslna sem félaginu ber, samkvæmt framangreindum samningi, að endurgreiða KJE eða heimild til þess að draga þær frá skuldbindingum Víkings samkvæmt samkvæmt sama samningi. Hafi tilvísaðar greiðslur átt að koma til frádráttar eða í stað samningsbundinna greiðslna frá Víkingi ber félagið sem vinnuveitandi sönnunarbyrði fyrir því. Er það mat nefndarinnar að slík sönnun hafi ekki komið fram. Telur nefndin því ljóst að Víkingi sé óheimilt að halda eftir þeim samningsbundnu greiðslum sem KJE krefst í málinu vegna meiðsla sem hann varð fyrir á keppnistímabilinu 2019 og beri félaginu því að endurgreiða KJE útlagðan kostnað vegna meiðsla sem hann varð fyrir í leik með Skallagrími á keppnistímabilinu 2019.

### ***Geoffrey Wynton Mandelano Castillion gegn Knattspyrnudeild FH***

Ágreiningur aðila takmarkaðist við það hvort FH hefði haft heimild, samkvæmt samningi aðila, til að draga af launum GC þann tíma sem GC dvaldist í Hollandi. Eins og fram kemur í gögnum málsins þá sendi framkvæmdastjóri FH iMessage á GC þar sem fram kom að hann þyrfti að mæta til æfinga til þess að eiga rétt á

## Ársskýrslur nefnda KSÍ 2019

launum. Þeim skilaboðum svaraði GC á þann hátt að hann hafi þurft að yfirgefa landið þar sem hann hafi verið án húsnæðis. Hann væri reiðubúinn að koma til baka og mæta á æfingar að því tilskyldu að FH útvegaði honum húsnæði og flugmiða, eins og ákvæði voru um í samningi aðila. FH bar, samkvæmt samningi aðila, að útvega GC íbúð á Íslandi á samningstímanum. Þegar GC var vísað af hóteli því sem hann hafði dvalið á, án þess að fá leiðbeiningar um nýjan dvalarstað, var það ekki talið ómálefnalegt af honum að hafa haldið af landi brott. Sér í lagi í ljósi þess að aðallið FH var við æfingar erlendis og samkvæmt samningi aðila skyldi hann einungis æfa með aðalliði FH. Skýringar FH þess efnis að félagið hafi verið búið að útvega annað hótél skipta ekki máli, þar sem gögn hafa ekki verið lögð fram um að GC hafi verið tilkynnt um það tímanlega. SF lítur svo á, í ljósi samskipta, að skylda hafi hvílt á FH, sem vinnuveitanda, að standa við samninginn við GC hvað varðar útvegum húsnæðis og flugmiða, jafnframt því að gera honum ljóst, þannig að ekki færi á milli mála, til hvers var ætlast af honum sem leikmaður FH. SF metur samskipti á milli aðila þannig að FH hafi ekki uppfyllt skyldur sínar í þessum efnum. Við þær aðstæður var ekki unnt að ætlast til þess af GC að hann kæmi til landsins og til æfinga, eins og byggt er af hálfu FH. Með vísan til þessa er það niðurstaða nefndarinnar að FH beri að greiða GC laun vegna þess tímabils sem hann krafðist.

### **Nicolaj Beier Kohlert gegn Knattspyrnudeild Vals**

Ágreiningur aðila snýr að því hvort Valur eða NK eigi að bera skattgreiðslur af umsaminni uppsagnargreiðslu frá Val til NK. Um var að ræða greiðslu vegna sameiginlegrar uppsagnar, dags. 25.06.2017, á leikmannsamningi aðila. Í málalíbúnaði NK kom fram að hann telji að Valur ætti að bera skattgreiðslur af umsaminni uppsagnargreiðslu frá Val til NK, rétt eins og af launum sem hann naut samkvæmt leikmannssamningi aðila. Valur telur á hinn bóginn að umsamin uppsagnargreiðsla hafi verið eingreiðsla og leikmaðurinn hafi því engar aðrar kröfur á félagið. Í samræmi við grein 23.6. í reglugerð KSÍ um samninga, félagaskipti og stöðu leikmanna og félag skal ágreiningsefni til samninga- og félagaskiptanefndar hafa borist nefndinni skriflega innan árs frá því að atvik að baki ágreiningsefninu átti sér stað. Berist nefndinni erindi eftir þetta tímamark skal nefndin vísa málinu frá. Málinu var vísað til samninga- og félagaskiptanefndar þann 9. nóvember sl. Samkvæmt gögnum málsins bárust NK fyrirspurnir frá RSK í október 2018 eða meira en einu ári áður en að NK vísaði málinu til nefndarinnar. Nefndina skortir því heimild til að taka málið til úrskurðar og er málinu því vísað frá samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ.

### **Umboðsmenn í knattspyrnu**

Um áramót 2019-2020 voru átta skráðir umboðsmenn í knattspyrnu hjá KSÍ. Það er þeir: Alberto A. Larrea, Bjarki Gunnlaugsson, Guðlaugur Tómasson, Guðrún Bergsteinsdóttir, Kristinn Björgúlfsson, Ólafur Garðarsson, Saint Paul Edeh og Sigurður Freyr Sigurðsson. Vöxtur hefur verið í skráningu umboðsmanna í knattspyrnu hjá KSÍ en búast má við að fleiri bætist í hóp þeirra sem nú þegar eru skráðir.

### **Félagaskipti**

Haukur Hinriksson og Þorvaldur Ingimundarson höfðu að mestu umsjón með afgreiðslu félagaskipta á árinu. Árið 2019 voru 2.859 félagaskipti afgreidd, samanborið við 2.471 árið 2018. Flest félagaskipti eru afgreidd í byrjun sumars, 538 í maí og 471 í júlí, þegar félagaskiptaguggarnir loka. Þá er gríðarlegt álag á starfsmönnum sem annast félagaskipti. Til stendur að gera miklar breytingar á afgreiðslu félagaskipta innan tíðar með hjálp nýrra tæknilausna. Gert er ráð fyrir því að félagaskipti verði að öllu leyti afgreidd rafrænt áður en árið 2020 er á enda. Framkvæmdastjóri KSÍ samþykkti engar óskir um undanþágu vegna félagaskipta markvarða utan félagaskiptatímabils. Hér fyrir neðan má sjá tölfræði um félagaskipti.

	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009
<b>Fjöldi félagaskipta</b>	2.859	2.471	2.558	2.739	2.353	2.221	2.404	2.230	2.206	1.995	1.935

	Jan	Feb	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágú	Sept	Okt	Nóv	Des
<b>Fjöldi félagaskipta 2019</b>	181	323	476	256	538	57	471	25	38	291	135	68
<b>Flokkað eftir mánuðum</b>												

### **Lokaorð**

## Ársskýrslur nefnda KSÍ 2019

---

Ég vil þakka nefndarmönnum samninga- og félagsskiptanefndar kærlega fyrir þeirra frábæru störf þeim Gísla Guðna Hall og Erni Gunnarssyni og starfsmanni nefndarinnar Hauki Hinrikssyni. Starfsfólki skrifstofunnar er einnig þakkað fyrir sín góðu störf.

Ásgeir Ásgeirsson, formaður



Í fræðslunefnd sátu starfsárið 2019-2020: Ragnhildur Skúladóttir formaður, Guðni Kjartansson, Sigurður Þórir Þorsteinsson og Örn Ólafsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Arnar Bill Gunnarsson fræðslustjóri og Dagur Sveinn Dagbjartsson. Nefndin hélt 3 bókaða fundi á starfsárinu og voru eftirfarandi mál efst á baugi.

### Þjálfaramenntun

KSÍ býður upp á fjórar þjálfaragráður - Markmannsþjálfaragráðu KSÍ, Afreksþjálfun unglunga, KSÍ B og KSÍ A þjálfaragráður. Allar þessar þjálfaragráður hafa hlotið gæðastimpil UEFA og eru viðurkenndar í öllum löndum Evrópu. 511 þjálfarar eru með KSÍ B gráðuna (466 karlar og 45 kona) og 269 þjálfarar hafa lokið við KSÍ A gráðu til viðbótar (244 karlar og 25 konur). Sjö þjálfarar hafa lokið markmannsþjálfaragráðu KSÍ og tíu hafa lokið UEFA A markmannsþjálfaragráðu. Auk þess hafa 23 þjálfarar lokið við UEFA Pro þjálfaragráðu á erlendri grundu.

Stjórn KSÍ hefur samþykkt að fræðsludeild skipuleggi UEFA Pro þjálfaragráðu frá og með 2020. Það verða 18 þjálfarar sem hefja nám á fyrsta UEFA Pro námskeiðinu sem hefst í febrúar 2020.

Þjálfarar þurfa svo að viðhalda þjálfaragráðunni sinni með 15 tíma endurmenntun á 3 ára fresti. KSÍ býður reglulega upp á endurmenntunarnámskeið.

Fræðsluvefur KSÍ var áfram veigamikill þáttur í uppbyggingu fræðslustarfs KSÍ og þar er að finna mikið af fjölbreyttum upplýsingum sem gagnast þjálfurum í starfi.

### Námskeiðahald

KSÍ hélt 41 fræðsluviðburð á árinu fyrir 1.092 þátttakendur. 41 fræðsluviðburður er metfjöldi viðburða á einu ári. KSÍ býður, sem fyrr segir, upp á fjórar þjálfaragráður; KSÍ A þjálfaragráðu, KSÍ B þjálfaragráðu, KSÍ Markmannsþjálfaragráðu og KSÍ Afreksþjálfun unglunga.

Eins og undanfarin ár bárum við gæfu til þess að hafa mjög hæfa kennara á námskeiðunum okkar og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

### Erlend samskipti

Fulltrúar KSÍ sóttu fjölmargar ráðstefnur á árinu, en hér fyrir neðan eru þær helstu:

- Arnar Þór Viðarsson sótti námskeið í ágúst á vegum UEFA fyrir Technical Directors.
- Fjölmargir erlendir aðilar komu hingað til lands til að kynna sér íslenska knattspyrnu.
- Arnar Bill Gunnarsson og Dagur Sveinn Dagbjartsson fóru á ráðstefnu fræðsludeilda aðildasambanda UEFA á Kypur í lok nóvember.

### Fræðsluverkefni UEFA - UEFA Study Group Scheme

KSÍ tók áfram þátt í stóru fræðsluverkefni á vegum UEFA á árinu sem nefnist *UEFA Study Group Scheme*. Verkefnið snýst um að kynnast ólíkum þáttum knattspyrnunnar í öðrum knattspyrnusamböndum innan Evrópu. Verkefnið hefur verið í gangi síðan 2008 og þátttakendur í fræðsluverkefnunum hafa verið starfsmenn KSÍ, nefndarfolk, sérfræðingar og fulltrúar frá aðildarfélögum KSÍ.

Arnar Bill Gunnarsson, Guðrún Þórbjörg Sturlaugsdóttir, Janus Guðlaugsson, Hjalti Oddsson og Tom Joel fóru á UEFA Study Group námskeið í Póllandi í maí. Þar var viðfangsefnið fitness in football.

### Styrkir KSÍ til fræðslumála

KSÍ veitti sjö fræðslustyrki á árinu. Styrkur KSÍ var í formi farseðils á áfangastað Ícelandair og til baka. Markmiðið með þessum styrkjum er að auðvelda áhugasömum aðilum í knattspyrnuhreyfingunni að sækja sér fræðslu erlendis. Styrkþegar skila svo inn skýrslu um ferð sína á fræðsluvef KSÍ. Eftirfarandi styrkir voru veittir á þessu ári:

- John Andrews, Serdjan Tufegdzic, Kristján Guðmundsson, Óli Stefán Flóventsson og Rúnar Páll Sigmundsson fengu styrki til að sækja UEFA Pro námskeið erlendis.
- Ingólfur Orri Gústafsson sat markmannsþjálfaranámskeið í Orlando.
- Lára Ósk Eggertsdóttir Claessen sótti ráðstefnu í Pittsburgh um forvarnir og afleiðingar höfuðhögga.

### Þjálfaraskóli KSÍ

Þjálfaraskóli KSÍ stendur áfram öllum þjálfurum aðildarfélaganna til boða og er hugmyndin á bak við skólann að reyndur KSÍ kennari deili reynslu sinni og þekkingu. Aðildarfélögin og KSÍ deila kostnaðinum við kennsluna og skólinn telur einnig sem endurmenntun fyrir þjálfara. Allir þjálfarar sem ætla sér að taka UEFA B prófið, sem

## Ársskýrslur nefnda KSÍ 2019

---

haldið er í apríl ár hvert, þurfa að taka KSÍ B þjálfaraskólann. Allir þjálfarar sem sækja um að komast á KSÍ VI þjálfaranámskeiðið þurfa að taka KSÍ A þjálfaraskólann, en árið 2015 var í fyrsta sinn boðið upp á hann. Þjálfaraskólinn er því orðinn hluti af UEFA A og UEFA B þjálfaragráðunni.

27 þjálfarar tóku KSÍ B þjálfaraskólann á árinu og 13 tóku KSÍ A þjálfaraskólann. Alls tóku því 40 þjálfarar þjálfaraskóla KSÍ árið 2019.

### Lokaorð

Eins og fram kemur hér að ofan eru þjálfaragráðurnar sem KSÍ býður upp á fjórar en sú fimmta UEFA Pro gráðan mun bætast við árið 2020, en um er að ræða æðstu þjálfaragráðu UEFA. Íslenskir þjálfarar hafa verið áhugsamir um að sækja þetta nám til annarra knattspyrnusambanda og var svo komið að UEFA fannst tími til kominn að KSÍ mundi sjálf standa að þessu námi. Fyrstu 18 þjálfararnir hafa verið teknir inn í námið sem hefst í upphafi árs. Auk námskeiðanna stendur KSÍ fyrir fjölda fræðsluviðburða og hafa þjálfarar verið duglegir við að bæta við sig þekkingu. Talsverður fjöldi kennara kemur að kennslu á námskeiðunum þó að að allt skipulag og utanumhald sé í höndum þeirra Arnars Bill fræðslustjóra og Dags Sveins Dagbartssonar starfsmanns fræðsludeildar sem sinna sínu starfi af miklum áhuga og eljusemi. Mig langar að þakka samnefndarmönnum mínum í fræðslunefndinni sem og starfsmönnum KSÍ fyrir mjög ánægjulegt samstarf á árinu.

*Ragnhildur Skúladóttir, formaður*

Page Break


## Ársskýrslur nefnda KSÍ 2019

Fræðsluviðburðir KSÍ árið 2019  
Alls 41 fræðsluviðburður og 1.092 þátttakendur


Dags.	Viðburður	Þátttakendur
4.-6. janúar	KSÍ III þjálfaranámskeið	52
11.-13. janúar	KSÍ III þjálfaranámskeið á Akureyri	19
25.-27. janúar	KSÍ IV A þjálfaranámskeið	61
Janúar - mars	KSÍ VII þjálfaranámskeið	12
6. febrúar	Súpufundur KSÍ - höfuðhögg	59
15.-17. feb.	KSÍ IV B þjálfaranámskeið	13
22.-24. feb.	KSÍ IV B þjálfaranámskeið	46
23. febrúar	Námskeið fyrir fólk í stjórnnum knattspyrnufélaga	23
5. apríl	KSÍ Afreksþjálfun unglunga	15
29. apríl	Hollenska knattspyrnusambandið - Að spila frá marki, spila í gegnum pressu andstæðinga frá eigin marki	87
15. maí	Yfirþjálfarafundur - nýr yfirmaður knattspyrnusviðs	20
20. maí	KSÍ B skriflegt próf	49
28. maí	Námskeið fyrir fólk í stjórnnum knattspyrnufélaga, Norður- og Austurland	16
28. maí	KSÍ B skriflegt próf	7
7. júní	KSÍ B skriflegt próf (sjúkrapróf)	3
12. ágúst	Yfirþjálfarafundur - mótamál	20
28. ágúst	Súpufundur KSÍ - Karl Steptoe, íþróttasálfræðingur hjá Leicester City	78
13.-15. sept.	KSÍ I þjálfaranámskeið á Reyðarfirði	27
14. sept.	Bikarúrslitaráðstefna KÍ og KSÍ	40
22. sept.	KSÍ VI þjálfaranámskeið - leikgreining	16
27.-29. sept.	KSÍ I þjálfaranámskeið	27
4.-6. okt.	KSÍ I þjálfaranámskeið á Akureyri	12
4.-6. okt.	KSÍ V þjálfaranámskeið	17
16.-22. okt.	KSÍ VI þjálfaranámskeið - ferð til Danmerkur	16
18.-20. okt.	KSÍ I þjálfaranámskeið	39
25.-27. okt.	KSÍ II þjálfaranámskeið	14
1.-3. nóv.	KSÍ II þjálfaranámskeið	39
8.-10. nóv.	KSÍ II þjálfaranámskeið á Reyðarfirði	11
22. nóv.	KSÍ A skriflegt próf	16
23.-24. nóv.	Chris Barnes - notkun á GPS búnaði í knattspyrnuþjálfun	34
29. nóv.-1. des	KSÍ III þjálfaranámskeið	25
17. desember	Súpufundur KSÍ - Loftur Gísli Jóhannsson fjallaði um notkun á tölfræði við þjálfun hjá Brøndby í Danmörku	29
Allt árið	KSÍ B þjálfaraskóli	64
Allt árið	KSÍ A þjálfaraskóli	24
Allt árið	Námskeið fyrir stjórnarfólk í barna- og unglingaráði. Félagin voru; Víkingur, Höttur, KA, Fylkir, Valur, Keflavík, HK.	62
	Samtals:	1092

Fjöldi þjálfara sem sóttu þjálfaranámskeið KSÍ á árunum 2010-2019

## Ársskýrslur nefnda KSÍ 2019



### Fjöldi þjálfaranámskeiða KSÍ á árunum 2010-2019



## Ársskýrslur nefnda KSÍ 2019

Í starfshópi KSÍ um útbreiðslumál sátu starfsárið 2019-2020 þeir Þorsteinn Gunnarsson formaður, Valgeir Sigurðsson, Björn Friðþjófsson, Tómas Þóroddsson, Jakob Skúlason og Bjarni Ólafur Birkisson. Starfsmenn nefndarinnar voru Dagur Sveinn Dagbjartsson og Guðlaugur Gunnarsson.

### Útbreiðsluáætlun - útbreiðslustefna

Unnið var samkvæmt þeirri áætlun sem samþykkt var á ársþingi KSÍ 2008.

Á árinu hófst vinna við nýja áætlun í grasrótar-/útbreiðslumálum KSÍ. Áætlað er að þeirri vinnu ljúki á árinu 2020. Mun sú áætlun taka mið af nýju skipuriti KSÍ.

### Markmið KSÍ

Að allir fái tækifæri til að taka þátt í leik og starfi innan Knattspyrnusambands Íslands.

Að fjölga iðkendum í knattspyrnu, sér í lagi á svæðum þar sem þátttaka er lítil.

Að efla grasrótina í íslenski knattspyrnu þar sem iðkendur fái að vaxa og dafna í fótbolta á sínum eigin forsendum í heilbrigðu umhverfi, auka áhuga og fjölga þátttakendum og efla samskipti við aðildarfélög þar sem KSÍ styður við bakið á félögunum með átaks- og grasrótarkerfum á einstökum landsvæðum.

### Útbreiðsluverkefni árið 2019

Stærsta útbreiðsluverkefni ársins 2019 var verkefni sem bar yfirskriftina *Komdu í fótbolta með Mola*. Siguróli Kristjánsson, betur þekktur sem Moli, var ráðinn til starfa. Verkefnið fól í sér heimsóknir til minni sveitarfélaga um land allt og hafði Moli umsjón með verkefninu. Þar setti hann upp skemmtilegar og fjölbreyttar fótboltabúðir á hverjum stað til að efla áhuga iðkenda. Verkefnið stóð yfir í júlí og ágúst. Alls heimsótti Moli 33 staði og hitti tæplega 700 börn og unglínga, ásamt fjölmörgum þjálfurum og forráðamönnum á ferð sinni um landið. KSÍ kann bestu þakkar þeim sveitarfélögum sem tóku vel á móti Mola. Í kjölfarið á heimsóknum Mola til félaganna var send út könnun til þeirra til að meta hvernig til tókst og fá ábendingar um eftirfylgni. Helstu niðurstöður voru að mikil ánægja ríkti með þessar heimsóknir. Í framhaldi af þessu verkefni hefur starfshópurinn unnið að því að þróa það áfram í samstarfi við innanlandssvið og knattspyrnusvið KSÍ.

Heimsleikar Special Olympics voru haldnir í Abu Dhabi í mars 2019. Þar átti Ísland lið í sjö manna bolta karla. Íslenska liðið stóð sig með miklum sóma, lék í efsta styrkleikaflokki og endaði í öðru sæti. Þjálfarar liðsins voru þeir Darri McMahon og Hilmar Þór Kárason. Þeim til aðstoðar var Dagur Sveinn Dagbjartsson, starfsmaður KSÍ.

KSÍ, Íþróttasamband fatlaðra og Fram blésu til átaks sumarið 2019 í þeim tilgangi að fjölga stúlkum með sérþarfir í fótbolta, stúlkum með þroskahömlun, líkamlega hömlun og andleg veikindi. Boðið var upp á ókeypis æfingar og var Thelma Karítas Halldórsdóttir ráðin sem þjálfari hópsins. Tvær kynningar voru haldnar. Sú fyrri var 26. maí og sú síðari 29. maí. Í báðum tilfellum komu landsliðskonur í heimsókn og hjálpuðu til við að vekja áhuga stúlkanna. Verkefnið fór af stað í maí og stóð til loka septembermánaðar. Alls komu 16 stúlkur á æfingar á meðan verkefninu stóð.

Knattspyrnufélaginu FC Sækó var boðið að æfa þrisvar á Laugardalsvelli sumarið 2019 og var mikil ánægja meðal leikmanna félagsins. Landsliðsþjálfararnir Arnar Þór Viðarsson, Eiður Smári Guðjohnsen og Jón Þór Hauksson stýrðu tveimur æfingum.

Nýjum Háttvísisviðurkenningum Landsbankans og KSÍ var úthlutað í sumar. Öllum félögum sem skipuleggja mót í yngri flokkum bauðst til að fá viðurkenningar til afhendingar, ásamt því sem háttvísis veggspjöldum var dreift til allra félaga.

KSÍ bauð upp á tvenns konar námskeið fyrir starfsmenn og sjálfboðaliða félaga. Annars vegar var um að ræða námskeið fyrir stjórnendur félaga þar sem Birna María Sigurðardóttir og Jónas Gestur Jónasson fóru yfir helstu atriði er snúa að fjármálum og skattamálum. Hins vegar var um að ræða námskeið fyrir barna- og unglíngaráð félaga. Félag af öllu landinu gátu óskað eftir því að fá aðila frá KSÍ til að fjalla um helstu verkefni og hlutverk barna og unglíngaráðs. Daði Rafnsson sá um þá fræðslu.

Á árinu var sett á legg lendingarsíða á heimasíðu KSÍ til að vekja athygli á litblindu í knattspyrnu. 1 af hverjum 12 körlum og 1 af hverjum 200 konum er litblind. Litblinda getur haft áhrif á alla sem tengjast knattspyrnu - áhorfendur, leikmenn, þjálfara, dómara og aðra starfsmenn í kringum leikinn. Verkefninu verður fylgt eftir á árinu 2020.

Í október var haldin kynning á íþróttum fatlaðra í Laugardalshöllinni. Þar var Dagur Sveinn Dagbjartsson, starfsmaður KSÍ, Thelma Karítas Halldórsdóttir, þjálfari verkefnisins Fótbolta fyrir stelpur með sérþarfir og Piotr Wojdat, þjálfari frá Íþróttafélaginu Ösp og kynntu knattspyrnustarf fyrir fatlaða.

### Viðurkenningar fyrir grasrótariðburði

Á ársþingi KSÍ 2019 voru veitt tvönn Grasrótariðlaun. Annars vegar fékk FC Sækó Grasrótariðlaun KSÍ fyrir starf sitt í þágu geðfatlaðra, en FC Sækó er knattspyrnufélag sem starfsmenn og notendur á geðsviði Landsspítalans stofnuðu árið 2011. Árið 2018 hlaut FC Sækó gullverðlaun í flokknum Grasrótariðverkefni ársins hjá UEFA. Var það í fyrsta skipti sem íslenskt verkefni vinnur til slíkra verðlauna hjá UEFA. Hins vegar hlaut Þróttur Reykjavík Grasrótariðlaun KSÍ fyrir framlag sitt til kynningar á göngufótbolta, þar sem fólk á öllum aldri kemur saman til að leika fótbolta á sínum hraða. Þetta form af knattspyrnu hefur verið að ryðja sér til rúms í Evrópu að undanfögnu. Þróttur R. hefur verið í framfarðasveit í þessum málaflokki hér á landi en með því að bjóða upp á fótbolta fyrir þennan markhóp hefur Þróttur R. víkkað starf sitt, fengið fleiri iðkendur og virkjað félagsmenn enn frekar.

### Iðkenda fjöldi

ÍSÍ tekur árlega saman tölfræði yfir iðkendur hjá sérsamböndunum og notar til þess Felix-forritið. Tölur sem birtar eru í árslok 2019 eru fyrir árið 2018. Vegna endurbóta og samræminga á skráningakerfum ÍSÍ annars vegar og félaganna hins vegar eru nýjustu tölur um fjölda iðkenda ónákvæmar og útbreiðslunefnd KSÍ telur það ekki þjóna tilgangi sínum að birta þær tölur að þessu sinni.

### Knattspyrnskóli KSÍ

Knattspyrnskóli KSÍ var haldinn í Garðinum á Reykjanesi. Leikmenn í Knattspyrnskóla KSÍ 2019 voru fæddir árið 2005 og hvert félag mátti senda eina stúlku og einn dreng í Knattspyrnskólann.

Knattspyrnskóli drengja var dagana 9.-11. júlí. 44 drengir sóttu skólann. Knattspyrnskóli stúlkna var dagana 11.-13. júlí. 38 stúlkur sóttu skólann. Lúðvík Gunnarsson hafði umsjón með báðum knattspyrnskólum og naut liðsinnis Aðalbjarnar Hannessonar og Ómars Jóhannssonar.

### Erlend samskipti

- Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir fór sem fulltrúi KSÍ á ráðstefnu á vegum UEFA í Frankfurt í Þýskalandi um velferð barna (Child Safeguarding).
- Dagur Sveinn Dagbjartsson og Örn Ólafsson, nefndarmaður í fræðslunefnd KSÍ, fóru á Grasrótarráðstefnu UEFA í Minsk, Hvíta Rússlandi. Umfjöllunarefni ráðstefnunnar voru knattspyrna í skólum, þjálfaramenntun í grasrótariðfótbolta og þróun knattspyrnufélaga.
- Dagur Sveinn Dagbjartsson, Guðlaugur Gunnarsson og Arnar Bill Gunnarsson, starfsmenn KSÍ, fóru á grasrótarráðstefnu í Hollandi þar sem fjallað var um þróun knattspyrnufélaga.

### Að lokum

Grasrótariðstarf félaganna um allt land er lykillinn að framþróun knattspyrnunnar í landinu. Þar er farsælt samstarf við sveitarfélögin í landinu mjög mikilvægt enda kosta þau að mestu uppbyggingu á íþróttastöðum á sínum heimaslóðum og niðurgreiða æfingagjöld eftir atvikum og styðja við bakið á félögunum. Stuðningur KSÍ er ekki síður mjög mikilvægur, ekki síst við minni félögin úti á landsbyggðinni til að efla hið faglega starf.

Starfshópur um útbreiðslumál telur að mikilvægt sé að fylgja markvisst eftir því grasrótariðstarfi sem KSÍ hefur starfrækt undanfarin ár, m.a. með heimsóknum til félaga. Þar hefur stjórnarfolk, framkvæmdastjóri, formaður og starfsmenn KSÍ heimsótt félög um allt land. Þá ber sérstaklega að geta vel heppnaðar heimsóknir þeirra Kristins Sverrissonar sumarið 2018 og Siguróla Kristjánssonar sumarið 2019 til félaga um allt land. Tilgangurinn með heimsóknunum var m.a. að auka stuðning KSÍ við grasrótariðstarfið, styrkja samstarfið við félögin og viðhalda sýnileika KSÍ um allt land. Unnið var úr þeim gögnum og skýrslum sem urðu til eftir þessar heimsóknir og ábendingar félaganna fóru til umfjöllunar í nefndum KSÍ og til stjórnar KSÍ.

Rétt er að það komi fram að KSÍ fær árlega fjármagn frá UEFA til að sinna grasrótariðstarfi og lýtur það ákveðnu regluverki og gerð er regluleg úttekt af hálfu UEFA hvernig til tekst. Til mikils er að vinna, bæði fyrir félögin og knattspyrnusambandið, að setja meira þúfur í grasrótariðstarfið og markmiðið ætti að vera að koma KSÍ í efsta flokk í grasrótarmálum, samkvæmt gæðakerfi UEFA.

Grasrótariðstarf verður ekki til án sjálfbærliða, sem eru lykilaðilar í því að halda knattspyrnuhreyfingunni gangandi, að byggja upp starfið og halda utan um og bera ábyrgð á rekstri aðildarfélaga KSÍ. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þeim sem unnu að grasrótariðstarfi innan knattspyrnunnar á einn eða annan hátt fyrir þeirra óeigingjarna starf. Þeirra störf eru ómetanleg og verða seint fullþökkuð.

## Ársskýrslur nefnda KSÍ 2019

---

Að lokum þakka ég sjálfboðaliðum félaganna í landinu, samnefndarmönnum mínum, starfsmönnum starfshóps útbreiðslumála sem og öðru starfsfólki KSÍ ánægjulegt og gott samstarf.

**Þorsteinn Gunnarsson**  
formaður starfshóps um útbreiðslumál

### Úrtökumót KSÍ

Úrtökumót stúlkna fór fram á Akranesi dagana 11.-15. júní og tók 31 leikmaður þátt í æfingunum. Að venju var vel tekið á móti okkur á Akranesi og aðstaðan öll til fyrirmyndar. Við fengum góðan aðgang að nánast öllu svæðinu.

Gist var á gistiheimilinu Stay West og voru 2-3 leikmenn saman í herbergi, sem hentaði mjög vel. Við borðuðum morgunmat og kvöldhressingu á gistiheimilinu en hádegismat, miðdegishressingu og kvöldmat borðuðum við í íþróttamiðstöðinni að Jaðarsbökkum. Maturinn var góður og borðuðu stúlkurnar flestar vel.

Dagskráin var sambland af æfingum og leikjum ásamt endurheimt. Við skiptum hópnum í tvennt og fengum Anítu Lísu Svansdóttur og Arnar Pál Garðarsson til að undirbúa hópna fyrir leikina sem svo voru spilaðir. Við prófuðum mismundandi leikkerfi og voru æfingar fyrir leikina miðaðar við það. Það gekk ljómandi vel og var gaman að sjá hvernig leikmenn tókust á við það.

Boðið var upp á fyrirlestur um landsliðsumhverfið þar sem farið var yfir allt mögulegt sem tengist því að komast í landslið og vera í landsliði, hugarfar og fleira. Leikmenn fóru einni í þjálfun í íslenska þjóðsöngnum undir dyggri handleiðslu Birgis Þórissonar, tónlistarkennara. Gæði stelpuhópsins voru nokkuð góð í ár. Þarna voru margir flottir leikmenn og fóru 17 þeirra með U15 landsliði kvenna á mót í Víetnam í október. Einnig voru nokkrir leikmenn hluti af U16 landsliði Íslands á þessu ári með 2003 árganginum. Við fundum 2 fína leikmenn í nánast allar stöður nema fremst á vellinum. Það virðast ekki vera margir sterkir framherjar í þessum árgangi í augnablikinu. Eins og áður segir voru Aníta Lísa Svansdóttir og Arnar Páll Garðarsson gestaþjálfarar þessa viku en einnig fengum við aðstoð frá Skarphéðni Magnússyni (markmannsþjálfara) og Önnu Sólveigu Smáradóttur (sjúkraþjálfara).

Úrtökumót drengja fór fram á Akranesi dagana 24.-28. júní og tóku 32 leikmenn þátt í æfingunum. Að venju var vel tekið á móti okkur á Akranesi og aðstaðan öll til fyrirmyndar. Við fengum góðan aðgang að öllu svæðinu og buðu Skagamenn m.a. upp á æfingu á aðalvelli félagsins.

Gist var á gistiheimilinu Stay West og voru 2-3 leikmenn saman í herbergi, sem hentaði mjög vel. Við borðuðum morgunmat og kvöldhressingu á gistiheimilinu en hádegismat, miðdegishressingu og kvöldmat borðuðum við í íþróttamiðstöðinni að Jaðarsbökkum. Maturinn var góður og tóku drengirnir vel til matarins.

Dagskráin var sambland af æfingum og leikjum ásamt endurheimt. Við skiptum hópnum í tvennt og fengum þá Guðmund Benediktsson og Úlf Arnar Jökulsson til að undirbúa hópna fyrir leikina sem svo voru spilaðir. Við prófuðum mismundandi leikkerfi og voru æfingar fyrir leikina miðaðar við það. Það gekk ljómandi vel og var gaman að sjá hvernig leikmenn tókust á við það.

Boðið var upp á fyrirlestur um landsliðsumhverfið þar sem farið var yfir allt mögulegt sem tengist því að komast í landslið og vera í landsliði, hugarfar og fleira. Leikmenn fóru einnig í þjálfun í íslenska þjóðsöngnum undir dyggri handleiðslu Birgis Þórissonar, tónlistarkennara. Gæði strákahópsins voru mikil í ár. Þótt þroski leikmanna hafi verið mismunandi þá voru þarna margir virkilega sterkir leikmenn og nokkrir sem einnig hafa verið hluti af U16 landsliði Íslands á þessu ári með 2003 árganginum. Í heildina náðum við að finna nokkra kosti í hverja stöðu fyrir sig sem ættu að verða öflugir í framtíðinni. Eins og áður segir voru Guðmundur Benediktsson og Úlfur Arnar Jökulsson gestaþjálfarar þessa viku en einnig fengum við aðstoð frá Skarphéðni Magnússyni (markmannsþjálfara) og Önnu Sólveigu Smáradóttur (sjúkraþjálfara). Þá mættu landsliðsþjálfararnir Davíð Snorri Jónasson, Þorvaldur Örlygsson og Jörundur Áki Sveinsson á svæðið til að skoða leikmenn.



## Ársskýrslur nefnda KSÍ 2019

### Úrtaksmót U15 ára drengja 2019

Eftirtaldir leikmenn tóku þátt í úrtaksmóti drengja, fæddir 2004, á Akranesi 24. - 28. júní 2019

Hlynur Freyr Karlsson	Breiðablik
Kári Vilberg Atlason	Breiðablik
Kristian Nökkvi Hlynsson	Breiðablik
Óliver Máni Leifsson	Breiðablik
Logi Hrafn Róbertsson	FH
Róbert Thor Valdimarsson	FH
Guðmundur Búason	Fjölur
Halldór Snær Georgsson	Fjölur
Sigfús Árni Guðmundsson	Fram
Aron Snær Guðbjörnsson	Fylkir
Orrí Steinn Óskarsson	Grótta
Arnar Númi Gíslason	Haukar
Óliver Steinar Guðmundsson	Haukar
Víðir Freyr Ívarsson	Höttur
Ingi Þór Sigurðsson	ÍA
Jóhannes Breki Harðarson	ÍA
Björgvin Máni Gíslason	KA
Stefán Jón Friðriksson	Keflavík
Ólafur Bernharð Hallgrímsson	Leikur F.
Shkelzen Veseli	Leikur R.
Erlendur Guðnason	Njarðvík
Aron Lucas Vokes	Selfoss
Þorsteinn Aron Þorsteinsson	Selfoss
Adolf Daði Birgisson	Stjarnan
Eggert Aron Guðmundsson	Stjarnan
Magnús Pedersen Kjartansson	Stjarnan
Sigurbergur Áki Jörundsson	Stjarnan
Torfi Geir Halldórsson	Valur
Sigurður Steinar Björnsson	Víkingur
Bjarni Guðjón Brynjólfsson	Þór
Björn Ísfeld Jónasson	Þór
Hinrik Harðarson	Þróttur R.

### Úrtaksmót U15 ára stúlkna 2019

Eftirtaldir leikmenn tóku þátt í úrtaksmóti stúlkna, fæddar 2004, á Akranesi 11. – 15. júní 2019

Sara Dögg Áspórsdóttir	Afturelding
Birna Kristín Björnsdóttir	Breiðablik
Eyrún Vala Harðardóttir	Breiðablik
Írena Héðinsdóttir Gonzalez	Breiðablik
Þórdís Katla Sigurðardóttir	Breiðablik
Kamilla Huld Jónsdóttir	Einherji
Þórdís Ösp Melsted	FH
Harpa Sól Sigurðardóttir	Fjölur
Agnes Birta Eiðsdóttir	Fylkir
Erna Sólveig Sverrisdóttir	Fylkir
Unnur Stefánsdóttir	Grindavík
Rakel Lóa Brynjarsdóttir	Grótta
Tinna Brá Magnúsdóttir	Grótta
Berglind Þrastardóttir	Haukar
Elín Klara Þorkelsdóttir	Haukar
Mikaela Nótt Pétursdóttir	Haukar
Viktoría Líf Halldórsdóttir	Haukar
Dagbjört Líf Guðmundsdóttir	ÍA

## Ársskýrslur nefnda KSÍ 2019

---

Helena Jónsdóttir	ÍBV
Rakel Oddný Guðmundsdóttir	ÍBV
Póra Björg Stefánsdóttir	ÍBV
Ísfold Marý Sigtryggsdóttir	KA
Kara Petra Aradóttir	Keflavík
Ólöf Sara Sigurðardóttir	Stjarnan
Snædís María Jörundsdóttir	Stjarnan
Hildur Björk Búadóttir	Valur
Aldís Guðlaugsdóttir	Víkingur Ó.
Sædís Rún Heiðarsdóttir	Víkingur Ó.
Guðrún Póra Geirsdóttir	Völsungur
Anna Brynja Agnarsdóttir	Þór
Jakobína Hjörvarsdóttir	Þór

## Ársskýrslur nefnda KSÍ 2019

### Knattspyrnuskóli KSÍ 2018 - drengir

Eftirtaldir leikmenn, fæddir 2005, tóku þátt í Knattspyrnuskóla KSÍ sem fram fór í Garðinum 9.-13. júlí 2019.

Bjarki Már Ágústsson	Afturelding	Teitur Snær Vignisson	KFR
Tómas Atli Björgvinsson	Austri	Tryggvi Nils Halldórsson	Kormákur
Hilmar Þór Kjærnested Helgason	Breiðablik	Jóhannes Kristinn Bjarnason	KR
Kormákur Pétur Ágústsson	Breiðablik	Róbert Quental Árnason	Leiknir R.
Adrián Nana Boateng	FH	Viktor Ingi Sigurðarson	Neisti D.
Óskar Dagur Jónasson	Fjölnir	Helgi Bergsson	Njarðvík
Alexander Arnarsson	Fram	Jóhann Gauti Halldórsson	Reynir/Viðir
Nikulás Ásmundarson	Fram	Kristján Birkir Bjarkason	Reynir/Viðir
Ari Valur Atlason	Fylkir	Alexander Clive Vokes	Selfoss
Andri Daði Rúriksson	Grindavík	Freyr Sigurðsson	Sindri
Kári Haraldsson	Gróttá	Pétur Lárusson	Skallagrímur
Óliver Þorkelsson	Hamar	Ingimar Arnar Kristjánsson	Þór
Ólafur Darri Sigurjónsson	Haukar	Hafsteinn Jökull Þorgeirsson	Þróttur N.
Kristján Snær Frostason	HK	Hilmar Örn Pétursson	Þróttur R.
Þorlákur Breki Þórarinsson Baxter	Höttur	Kormákur Tumi Einarsson	Þróttur R.
Valdas Kaubrys	Hvöt	Viktor Ívan Vilbergsson	Leiknir F.
Logi Mar Hjaltested	ÍA	Þór Sigurjónsson	Umf. Valur
Kristján Ingi Kjartansson	ÍBV	Davíð Steinn B Magnússon	Valur Rvk.
Kristján Daði Runólfsson	ÍR	Guðmundur Páll Einarsson	Vestri
Hákon Orri Hauksson	KA	Ísak Máni Guðjónsson	Víkingur Ó.
Benóný Haraldsson	Keflavík	Jónas Guðmarsson	Víkingur R.
Jón Frímánn Kjartansson	KF	Jakob Héðinn Róbertsson	Völsungur

## Ársskýrslur nefnda KSÍ 2019

### Knattspyrnuskóli KSÍ 2019 - stúlkur

Eftirtaldir leikmenn, fæddir 2005, tóku þá í Knattspyrnuskóla KSÍ sem fram fór í Garðinum 9.-13. júlí 2019.

Lilja Björk Gunnarsdóttir	Afturelding	Lára Ósk Eyjólfsdóttir	KR
Mist Smáradóttir	Álftanes	Hildur Eva Þórðardóttir	Leiknir R
Bryndís Gunnlaugsdóttir	Breiðablik	Aldís Sigurjónsdóttir	Neisti D.
Amanda Lind Elmarsdóttir	Einherji	Kristrún Blöndal	Reynir S.
Elísa Lana Sigurjónsdóttir	FH	Embla Dís Gunnarsdóttir	Selfoss
Embla María Möller Atladóttir	Fjölur	Anna Lára Grétarsdóttir	Sindri
Erna Purý Fjölvarsdóttir	Fylkir	Edda María Jónsdóttir	Skallagrímur
Briet Rose Raysdóttir	Grindavík	Ólína Ágústa Valdimarsdóttir	Stjarnan
Lilja Lív Margrétardóttir	Gróttá	Kimberley Dóra Hjálmarsdóttir	Þór
Vala Björg Jónsdóttir	Haukar	Sóldís Tinna Eiríksdóttir	Þróttur N.
Karen Emma Kjartansdóttir	HK	Ragnheiður Ríkharðsdóttir	Þróttur R.
Katrín Edda Jónsdóttir	Höttur	Hugrún Lóa Kvaran	Valur
Emma Karen Jónsdóttir	Hvöt	Fanney Inga Birkisdóttir	Valur
Katrín María Ómarsdóttir	ÍA	Sigrún Betanía Kristjánsdóttir	Vestri
Berta Sigursteinsdóttir	ÍBV	Anita Bergrán Eyjólfsdóttir	Víðir
Iðunn Rán Gunnarsdóttir	KA	Anna Rakel Aðalbergisdóttir	Víkingur Ó.
Ísabella Júlía Óskarsdóttir	KA	Bryndís Eiríksdóttir	Víkingur R.
Elfa Karen Magnúsdóttir	Keflavík	Sigrún Marta Jónsdóttir	Völsungur
Jódís Assa Antonsdóttir	KFR	Katrín Ósk Þrastardóttir	Ægir

Ég velti fyrir mér hvort við eigum að leggja þetta verkefni til hliðar því eins og staðan er í dag þá erum við að gera helling í gegnum hæfileikamótunina. Ég hafði séð alla krakkana sem mættu í skólann áður,

flest þeirra tvisvar sinnum og sum oft í gegnum leiki sem ég hafði farið á. Þá var getumunur leikmanna sem mættu í skólann var mikill því sum lið sendu sína bestu leikmenn á meðan önnur sendu t.d. þann leikmann sem var með bestu mætinguna í félaginu.

Knattspyrnuskólinn var sannarlega mikilvægur hér á árum áður og gott verkfæri fyrir þá sem störfuðu með yngstu landsliðunum. Eftir að Hæfileikamótunin var sett á laggirnar hefur tilgangur Knattspyrnuskólans minnkað að mínu mati því í gegnum Hæfileikamótunina fá töluvert fleiri leikmenn tækifæri til að sýna sig en í gegnum Knattspyrnuskólann.

Við vorum á fínu hóteli í Garðinum í 5 daga með 30–

40 stráka og stelpur, aðstoðarþjálfara og markmannsþjálfara með tilheyrandi kostnaði sem væri þá mögulega hægt að nýta í eitthvað annað og gagnlegra.

Ég vil allavega velta þessu upp og skapa umræðu um hvort skólinn sé hreinlega orðið barn síns tíma.

Lúðvík Gunnarsson

### Hæfileikamótun N1 og KSÍ 2019

Í ár var Hæfileikamótun N1 og KSÍ fyrir leikmenn fædda 2005 og 2006, bæði drengi og stúlkur. Alls tóku 460 leikmenn frá 47 félögum þátt í verkefninu,

275 drengir og 185 stúlkur. Það er um það bil 30% iðkenda á þessum aldri og undirstrikar það þá hugmyndafræði að gefa mjög mörgum leikmönnum tækifæri á þessum aldri.

Drengirnir voru að mínu mati nokkuð jafnir. Það voru frambærilegir leikmenn en ekki margir leikmenn sem sköruðu sérstaklega framúr. Hjá stúlkunum var mikill getumunur milli leikmanna og þar reiddin þar af leiðandi ekki nærri því eins mikil og hjá drengjunum.

Æfingar hófust í desember 2018 og voru þær með reglulegu millibili fram í júní 2019. Verkefninu lauk svo með svokölluðu Hæfileikamóti í september 2019. Fram eftir vetri nýttum við okkur aðstöðu þeirra félaga sem gátu boðið uppá æfingar í knattísum en þegar líða tók á vorið vorum við meira og minna utandyra.

Ég tók formlega við verkefninu í janúar 2019 og þurfti þá að byrja að skipuleggja allar þær heimsóknir sem framundan voru. Það var ekki búið að negla neitt niður þegar ég hóf störf. Ég náði þó að heimsækja alla landshluta tvisvar sinnum, nema Austurland. Ég náði þó að heimsækja Austurland í öðru verkefni á vegum KSÍ og þar voru margir af þeim leikmönnum sem höfðu verið hjá mér hæfileikamótuninni. Þá heimsóttum við Ísafjörð og Vestmannaeyjar sérstaklega.

Alls voru 40 æfingar í hæfileikamótuninni þetta árið og á hverri æfingu voru að minnsta kosti 3 þjálfarar, Lúðvík Gunnarsson, Elías Örn Einarsson (markmannsþjálfari) ásamt þjálfara hjá því félagi sem við æfðum hjá. Ef hóparnir voru stórir komu fleiri en einn þjálfari frá félaginu.

Samvinnan við félög, þjálfara og yfirþjálfara var mjög góð enda lagði ég ríka áherslu á það um leið og ég byrjaði að kynnast sem flestum. Ég lagði mikla áherslu á að þjálfarar væru duglegir að hafa samband við mig ef einhverjar spurningar eða vangaveltur kæmu upp.

Eins og gefur að skilja er erfitt að bæta leikmenn á þessum æfingum og þar af leiðandi má segja að Hæfileikamótun N1 og KSÍ sé fyrst og fremst skimunarverkefni (scouting) og undirbúningur fyrir U15 ára landslið. Það má þó einnig segja að það sé grasrótarkerfni vegna þess hversu margir leikmenn fá tækifæri til að koma á æfingu.

Markmiðið með verkefninu er þó að finna öflugan leikmann til að taka þátt í Hæfileikamótinu og út frá því velja svo æfingahóp fyrir U15 ára landslið Íslands.

Rétt er að taka fram að á öllum æfingum lagði ég mikla áherslu á það við leikmenn að þótt þeir væru ekki valdir á Hæfileikamótið eða í U15 ára æfingahóp að gefast ekki upp. Leikmenn þroskast mishratt og það tekur mörg ár að verða góður leikmaður. Þótt einhverjir leikmenn séu betri núna er ekki þar með sagt að þeir verði það alltaf. Notaði ég leikmenn í A-landsliðum karla og kvenna sem dæmi enda margar góðar fyrirmyndir þar. Það er ótrúlega mikilvægt að koma því inni í huga krakkanna að þeir leikmenn sem eru þrautsegir og tilbúnir að leggja á sig mikla vinnu munu á endanum uppskera.

Lúðvík Gunnarsson

Yfirmaður í Hæfileikamótun N1 og KSÍ.

## Skýrsla mannvirkjanefndar

Í mannvirkjanefnd sátu eftirtaldir einstaklingar árið 2019: Ingi Sigurðsson, formaður, Bjarni Þór Hannesson, Margrét Leifsdóttir, Kristján Ásgeirsson, Jón Runólfsson, Viggó Magnússon, Þorsteinn Gunnarsson og Þorbergur Karlsson. Starfsmaður nefndarinnar í upphafi ársins var Jóhann Gunnar Kristinsson sem lét af störfum sl. vor. Við tóku sem starfsmenn nefndarinnar þeir Víðir Reynisson og Birkir Sveinsson. Jóhann Gunnar var starfsmaður nefndarinnar allt frá stofnun hennar eða sl. 30 ár. Honum er þakkað kærlega fyrir hans góðu og farsælu störf er lutu að mannvirkjamálum sambandsins og aðildarfélaga.

Verkefni mannvirkjanefndar eru í föstum skorðum, þar sem nefndin er stjórn KSÍ og aðildarfélögum sambandsins til ráðgjafar í mannvirkjamálum. Fylgst er með þróun mannvirkja innanlands sem og á alþjóðavettvangi og reglna sem gilda þar um.

Á árinu 2019 hélt mannvirkjanefnd sex fundi, fimm hefðbundna fundi og einn fund á rafrænu formi. Hér í framhaldinu verður fjallað um helstu þætti sem komu til umfjöllunar hjá nefndinni.

Mannvirkjanefnd lagði í góða vinnu í yfirferð umsókna í Mannvirkjasjóð KSÍ ásamt framkvæmdastjóra sambandsins. Eins og á fyrri árum er til staðar mikill hugur aðildarfélaga og sveitarfélaga á uppbyggingu knattspyrnumannvirkja og er það vel. Sá aukni áhugi leiðir svo til fleiri og hærri umsókna í mannvirkjasjóðs KSÍ. Mörg verkefni eru í undirbúningi og önnur verkefni eru komin á framkvæmdarstig. Á árinu fékk nefndin til umfjöllunar innsendar umsóknir skv. endurskoðaðri reglugerð fyrir mannvirkjasjóð, sem og nýju skorkorti sem haft er til mats á innsendum umsóknum. Þessari vinnu lauk í maí með frágangi tillögu til stjórnar KSÍ um úthlutun til fjórtán verkefna.

Í framhaldinu var ákveðið að nefndin myndi endurmeta reynsluna af notkun skorkortsins sem og yfirferð á reglugerðinni sjálfri, allt í þeim tilgangi að regluverkið og matsferlið sé sem skýrast fyrir alla hlutaðeigandi aðila.

Mannvirkjanefnd er aðildarfélögum einnig til ráðgjafar og í því samhengi komu til formlegrar umfjöllunar hjá nefndinni framkvæmdir á Grenivík, í Vestmannaeyjum, á Vopnafirði og á Seyðisfirði.

- Byggingu knattspyrnuhúss FH í fullri stærð, Skessan, er lokið og var húsið vígt þann 26. október 2019.
- Byggingu gervigrasvallar á Kópavogsvelli er lokið og var völlurinn tekin í notkun í maí 2019.
- Byggingu gervigrasvallar á Dalvík er lokið og var völlurinn vígður þann 31. ágúst 2019.
- Byggingu knattspyrnuhúss í Mosfellsbæ í hálfri stærð er lokið og var húsið vígt þann 9. nóvember 2019.
- Bygging vallarhúss á Grenivík er lokastigum og aðstaðan hefur að hluta verið tekin í notkun.
- Bygging fjölnota húss á félagssvæði ÍR sem er á stærð við hálfan knattspyrnuvöll er í fullum gangi og verklok áætluð á næstu vikum/mánuðum.
- Bygging vallarhúss á Vopnafirði er í fullum gangi og stefnt að verklokum vorið 2020.
- Jarðvinna er hafin við nýja búningklefa á Hásteinsvelli, Vestm.eyjum og áætluð verklok sumarið 2020.
- Endurnýjun keppnisvallar á Seyðisfirði er á bið hjá sveitarfélaginu og nú er miðað við að verkið hefjist á árinu 2020.
- Ný varamannaskýli á Vilhjálmsvelli og Fellavelli á Egilstöðum voru tekin í notkun ár árinu 2019.
- Bygging fjölnota íþróttahúss í Garðabæ með knattspyrnuvöll í fullri stærð hófst 3. maí 2019 og áætluð verklok eru um mitt ár 2021.
- Bygging knattspyrnuhúss í hálfri stærð á Selfossi er í útboðsferli og áætluð verklok í júlí 2021. Um er að ræða fyrri áfanga knattshúss í fullri stærð.
- Bygging knattspyrnuhúss í fullri stærð á félagssvæði Hauka í Hafnarfirði er í undirbúningi.

Eitt af verkefnum mannvirkjanefndar er yfirferð og tillaga til stjórnar um útgáfu vallarleyfa. Á árinu 2019 voru gefin út tímabundin leyfi fyrir Akureyrarvöll og Hásteinsvöll. Ný vallarleyfi voru hins vegar gefin út fyrir Varmárvöllur – gervigras og Framvöllur – gervisgras, í kjölfar úttektar þar um.

Ástand leikvalla er sífellt til skoðunar, m.a. ástand grasvalla á vordögum sem og breytingar á yfirborði þeirra þ.e. frá grasi og yfir í gervigras. Á keppnistímabilinu 2019 var ástand leikvalla heilt yfir gott, allt frá upphafi tímabils

og út mótið. Á tveimur völlum var leikið á nýju gervigrasi í stað náttúrulegs gras hingað til, á Kópavogsvelli og í Víkinni.

Í lok júní barst sambandinu bréf frá ECHA, evrópsku efnastofnunarinnar (European Chemical Agency (ECHA)) um bann við viðbættum míkroplastögnum (svo sem gúmmíkurli). Þorbergur Karlsson nefndarmaður vann að því með framkvæmdarstjóra KSÍ að senda upplýsingar til UEFA sem sá um að senda svör fyrir knattspyrnusamböndin til umræddrar stofnunar. Hjá nefndinni var jafnframt samþykkt að senda út bréf til aðildarfélaga sem og greinargerð um leiðbeiningar varðandi mögulegar fyrirbyggjandi aðgerðir sem miða að því að hindra að míkroplast frá gervigrasvöllum berist út í umhverfið. Nefndin telur mikilvægt að aðildarfélögin sem og sveitarfélögin séu meðvituð og vel upplýst um þá umræðu sem er í gangi hjá Evrópusambandinu varðandi þessi mál. Umræddar upplýsingar bárust aðildarfélögum í byrjun febrúar á árinu 2020 og eru einnig inni á heimasíðu KSÍ.

Í ágúst var Bjarni Hannesson fulltrúi KSÍ á ráðstefnu norrænu mannvirkjanefndana í Vaxjö í Svíþjóð. Á ráðstefnunni voru mörg áhugaverð viðfangsefni til umfjöllunar m.a. Hybrid-vellir, takmörkun útskolunar míkroplasta á gervigrasvöllum, menntun vallarstarfsmanna, samnorræn staðall fyrir gervigrasvelli, efling samstarfsvettvangs Norðurlandabjórða, stofnun norræns rannsóknarsjóðs að fyrirmynd sambærilegs sjóðs hjá golfklúbbum og kynning á STERF – Scandinavian Turfgrass and Environmental Research Foundation. Bjarni lagði fyrir nefndina ítarlega samantekt varðandi þessi málefni og önnur er komu fram á umræddri ráðstefnu.

Málefni nýs Laugardalsvallar eru enn í undirbúningi á vegum undirbúningsfélags sem KSÍ er aðili að ásamt Reykjavíkurborg og ríkisvaldinu. Á næstu vikum og mánuðum mun vera að vænta frekari fregna úr þeirri vinnu sem þar er í gangi. Guðni Bergsson formaður KSÍ er fulltrúi sambandsins í því undirbúningsfélagi.

Á árinu 2019 fagnaði mannvirkjanefnd 30 ára afmæli og gaman að geta þess að af núverandi nefndarmönnum hafa tveir verið frá upphafi, þeir Jón Runólfsson og Þorbergur Karlsson, og Kristján Ásgeirsson einu ári skemur. Það er því mikil reynsla og þekking sem er til staðar innan nefndarinnar og þess nýtur nefndin í heild sinni sem og aðildarfélög sambandsins. Nefndin vill ítreka mikilvægi þess að aðildarfélög leiti til nefndarinnar með ráðleggingar í undanfara verkefna hvort sem það snýr að nýframkvæmdum eða viðhaldi, til að tryggja að ákvæði viðeigandi reglugerða séu uppfyllt.

Mannvirkjanefnd þakkar aðildarfélögum gott samstarf á starfsárinu og óskar þeim velfarnaðar á komandi keppnistímabili.

*Ingi Sigurðsson, formaður.*

## Ársskýrslur nefnda KSÍ 2019

### Eftirtaldir fengu heiðursviðurkenningar á árinu 2019

Björgvin Gunnlaugsson	Dalvík	Vígsla gervigrasvallar á Dalvík	Gull
Gunnlaugur Jón Gunnlaugsson	Dalvík	Vígsla gervigrasvallar á Dalvík	Gull
Ingvar Guðjónsson	Grindavík	73. ársþing KSÍ	Gull
Vignir Már Þormóðsson	KA	73. ársþing KSÍ	Gull
Kristinn Jakobsson	KR	73. ársþing KSÍ	Gull
Ásmundur Helgason	Próttur R	70 ára afmæli Próttar	Silfur
Baldur Haraldsson	Próttur R	70 ára afmæli Próttar	Silfur
Dagný Gunnarsdóttir	Próttur R	70 ára afmæli Próttar	Silfur
Finnbogi Hilmarsson	Próttur R	70 ára afmæli Próttar	Gull
Guðberg K. Jónsson	Próttur R	70 ára afmæli Próttar	Silfur
Guðrún Inga Sívertsen	Próttur R	73. ársþing KSÍ	Gull
Gunnar Helgason	Próttur R	70 ára afmæli Próttar	Silfur
Jón Ólafsson (ekki afhent)	Próttur R	70 ára afmæli Próttar	Silfur
Kristján Kristjánsson	Próttur R	70 ára afmæli Próttar	Silfur
Marc Boal	Próttur R	70 ára afmæli Próttar	Silfur
Mist Rúnarsdóttir (ekki afhent)	Próttur R	70 ára afmæli Próttar	Silfur
Stefán Laxdal Aðalsteinsson	Próttur R	70 ára afmæli Próttar	Gull
Stefán Hagalín (ekki afhent)	Próttur R	70 ára afmæli Próttar	Silfur
Þorsteinn Þorsteinsson (ekki afhent)	Próttur R	70 ára afmæli Próttar	Silfur